Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók stjórnar Kaupmannasamtaka Íslands 14. nóvember 1961 til 1. nóvember 1963

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Aðalfundir – Almennur fundur –

Formannafundir – Fundir formanna sérgreina


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is


Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS
HÚSI VERSLUNARINNAR • 103 REYKJAVÍK
Kt. 680169-2929 • Sími 568-7811

Stjórnarfundabók

14. nóv. 1961 – 1. nóv. 1963.

K
61
–
63

57
51
R
15

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# THE RIGHT BOOKS TO WRITE IN

*Ruled on "Eye-Ease"® Ledger Paper*

## Account Book Series 57-511

MADE IN THE FOLLOWING RULINGS

| 150 Pages NUMBER | 300 Pages NUMBER | Rulings |
|---|---|---|
| → ☐ 57-511 | 57-531 ☐ | Record, Margin Line |
| ☐ 57-512 | 57-532 ☐ | Journal, No Units |
| ☐ 57-515 | 57-535 ☐ | S. E. Ledger, No Units |
| ☐ 57-516 | 57-536 ☐ | D. E. Ledger, No Units |

WHEN YOU NEED ANOTHER BOOK ORDER FROM YOUR STATIONER BY SPECIFYING CATALOG NUMBER ABOVE, DESIGNATED BY ARROW.

NATIONAL

Made in U. S. A. by National Blank Book Co., Holyoke, Mass.

71130

26 framkvæmdastjórnarfundir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur í stjórn Kaupmannasamtaka Íslands var haldinn að Laugaveg 22 kl. 4 þriðjudaginn 14. nóv. 1961.

1. Formaður setti fundinn. Borist hafði upptökubeiðni frá Félagi Húsgagnaverzlana í Rvík. Bar formaður þá upp fyrir fundinn og voru þeir samþ. samhljóða.

2. Fyrir fundinum lá frumvarp til laga um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum. Formaður skýrði frumvarpið að nokkru fyrir fundarmönnum og aðdraganda þess. Ennfremur skýrði framkv.stj. S. Snorrason frá bréfi sem hann hafði samið til verðlagsnefndar í sambandi við frumvarpið, og var dagsett í dag.

3. Páll Sæmundsson, minntist nokkuð á glysvörunna og skrautvöru, og ákvörðun um það í tollákvörðun, spurðist fyrir um hvort ekki hefði verið hægt að hafa meiri hönd í bagga fyrir í þessum málum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Sigurliði Kristjánsson benti á ósamræmi í blaðaskrifum um þessi mál undanfarna daga taldi það mjög óheppilegt á einn hátt. Spurði hvaðan upplýsingar kæmu.

5. Formaður skýrði frá því að hann og framkv.stj. hefðu verið kallaðir á fund bæði hjá ~~Verðlagsnefn~~ embættismannanefndar og síðar til fjármálaráðherra útaf þessum málum en málin hefðu verið algjörlega meðhöndluð sem trúnaðarmál.

6. Páll Sæm: af hverju væru búsáhöld strikuð út frá því í sumar á listanum.

7. Formaður: ekki hægt að lækka tolla í flokkum sem eru með 100% og þar undir. Undantekning var aðeins skófatnaður, nokkrar greinar um vefnaðarvöru og hreinlætisvörur.

8. Sigurliði Kristjánsson: þessar ráðstafanir eru í fljótu bragði séð aðeins gerðar gagnvart smyglurunum en ekki sérstaklega gagnvart hinni almennu verslun í landinu.



9. Formaður sagði að fjármálaráðherra óskaði eftir því að ~~sam~~ Kaupmannasamtökin héldu uppi nokkurri fræðslustarfsemi um breytingar á verðlagsmálum gagnvart almenningi.x Óskaði formaður eftir áliti fundarmanna á þessum málum.

x á hverjum tíma

10. Ragnar Lúðvíksson: sagði að verðlagsákvæði hefðu aldrei verið á húsgögnum, enda mundu þau hafa aðeins orðið til ills eins að hans áliti.

11. Páll Sæm. óskaði eftir að hluti af ræðu Rannveigar Þorsteinsdóttur um „Dyggðavegina“ ~~um~~ í útvarpinu nýlega yrði birt í blaði samtakanna og leyfi hennar fengist þar til.

Fleira gerðist ekki og var þá fundi slitið.

[signature]
ritari.

2

Fundur í stjórn bráðabirgðastjórnar Kaupmannasamtaka Íslands var haldinn að Laugaveg 22 23 nóv. kl. 4. e. h.

1. Formaður setti fundinn og ræddi í fyrsta lagi um merki fyrir félagsskapinn. Merkið skyldi helzt vera til að bera í barmi og á bréfhaus hjá félagsmönnunum enfremur heiðursmerki í sérstökum tilfellum.

2. Fr. Bendsen sagðist vera mjög lítið hrifinn af merkjunum.

3. Þorvaldur Guðmundsson sagði merki væri notað mikið í Danmörk í sambandi við umbúðir og fl. Ef það væri almennt gæti það verið auglýsing. Ekki til að bera það Nóg væri Spegill fyrir.

4 Samþ. var að leita eftir merki.

5. Formaður talaði um fjáröflunarleið til húsnæðiskaupa og minntist á tillögu framkv.stj. um að kaupa sendiferðabíl til happadrættis. Lagði stjórn fram tillögu



um þetta. Seldir yrðu 3000 miðar á 100/- og væru þeir aðeins seldir innan samtakanna.

6 Björn Jónsson sagði að til væri ca 7000.– 8000.– í sjóði sem ætlað væri til húsakaupa. Sagðist hann vera þessari tillögu meðmæltur.

7 Tillaga um að miðarnir væru 5000 stk. var samþ. eftir nokkrar umræður um málið

8 Sigurliði Kr. spurðist fyrir um hvað Kaupmannasamtökin skulduðu Félagi matvörukaupmanna

9. Formaður talaði um jóla- og nýjársóskir las hann upp greinargerð um þetta mál. Sigurliði Kristjánsson taldi að mjög erfitt væri að binda alla til að auglýsa þannig undir einu nafni. Bendsen taldi að allir gætu þó auglýst hver fyrir sig. Sveinbjörn taldi málið væri ætti að vera laust fyrir meðlimina að auglýsa hver fyrir sig þó kaupmannasamtökin auglýstu.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Formaður las upp tillögu frá stjórn Kaupmannasamtakanna um að stjórnin væri á hverjum tíma látinn fylgjast með staðsetningu nýrra verzlunar hverra í bænum. Las hann upp greinargerð um þetta mál og skyldi það sent til Borgarstjórnar og bæjarráðs. Enfremur skýrði formaður málið. Nokkrar umræður urðu um málið og var því frestað til næsta fundar.

Fleira var ekki til umræðu, fundi slitið

Björn Guðmundsson
ritari.



3

Fundur í stjórn Kaupmannasamtaka Íslands var haldinn að Laugaveg 22 kl. 10 f. h. 28. nóvember.

1 Formaður setti fundinn og gat þess í byrjun að samkv. ósk fundarmanna væri fundur nú haldinn fyrr og yrði slíkt í framtíðinni.
Þá mintist formaður á lokunartíma sölubúða í desember og sagði að sami háttur yrði hafður á og á s.l. ári. Þó með breytingum í samb. við að nú bæri að Þangadag uppá sunnudag og fengju þessvegna Kaupmenn annan dag til að hafa opið að kvöldi. Nokkrar umræður urðu um málið.
Sigurliði Kristjánsson áleit að best væri að búðirnar allar í bænum hefðu samflot með opnunartímann.
Samþykkt var, að hafa lokunartíma sem hér segir:
1. laugardaginn í des. kl. 1
2 " " " 4
3 " " " 6
fimtud. 21. " " 10
4 laugardag " " 24

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 Þá las formaður upp tillögu um að K.Í. fengi að fylgjast með staðsetningu verzlunarbúða hjá Bæjarstjórn Rvíkur, skipti ~~það~~ fram málið nokkuð.
Björn Jónsson ræddi um búðir og leigu á þeim við kaupvegina og víðar.
Formaður tók fram að hér væri aðeins að ræða um nýbyggingar í bænum.
Sigurliði Kr. benti á ýmis dæmi þar sem þetta gæti rekist á, einstaklings framtakið yrði alltaf að ráða í þessu máli samkvæmt hugsjón kaupmanna.
Sigurliði Kr. kvaðst vera á móti þessari tillögu á þessu stigi málsins, sagði að málin væru nógu flókin sem stæði, þó ekki yrði ný nefnd látin fjalla um þau.
Formaður benti á að nokkurs misskilnings gætti hjá S.Kr.
Samþ. var að senda tillöguna til allra stjórnarmeðlima í pósti sem fyrst.

3. Formaður ræddi næst um sölu turna og varning sem þar væri seldur. Skipuð hafði verið nefnd



til að athuga þetta mál.
Nefndin hafði samið ítarlega greinargerð um málið og las formaður hana upp fyrir fundarmenn og skýrði.
Í tillögum voru taldar upp þær vörur sem lagt er til að [illegible] seldar yrðu og hverjir fengju söluleyfi.
Björn Jónsson taldi þessi mál vera orðin til mikilla vandræða fyrir matvörubúðir taldi það vera í dag 104 staði sem hefðu söluturnaleyfi og 9 á vegum öryrkja og lamaðra, skýrði Björn síðan hvernig búðirnar skiptust niður í bæjarhlutana.
Meðal þessara 104 sölustaða væri 18 matvöruverzlanir og 5 kjöt og nýlenduvörubúðir þar gæti fólkið fengið allar þær vörur sem búðirnar seldu á daginn.
Benti Björn á að þetta hefði alltaf verið að aukast undanfarin ár og alveg eftirlitslaust af hálfu lögreglustjóra.
Taldi hann þetta ófremdar ástand væri alveg óþolandi lengur.
B.J. benti á að í Hafnarfirði væri eftirlitið nokkru betra.
Jón Björnsson sagðist vera vera að mestu leyti sammála B.J.
Formaður benti á að nauðsynlegt væri að koma á hverfa búða opnunum, í framtíðinni. Mikið af því fé sem fólk eyðir í dag á veitingastöðum myndi þá renna til félaga K.Í.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sveinbjörn Árnason, benti á nauðsyn að Kaupmannasamtökin væru saman í auglýsingum. Samþ. var að senda öllum stjórnar meðlimum greinargerð um þessi mál.

Fleira gerðist ekki fundi slitið.

Mættir á fundinum voru Sig. Magnússon, Sigurliði Kristjánsson, Jón Björnsson, Hans Blöndal, Sig. Ó. Ólason, Sveinbjörn Árnason, Ísleifur Jónsson, Þorvaldur Guðmundsson, Ásgrímur Halldórsson, Sölvi Ólafsson, Björn Guðmundsson

Björn Guðmundsson
ritari



Fundur var haldinn í stjórn K.Í. miðvikudag 6. desember.

Fyrir var tekið:

1. Formaður skýrði frá för hans og framkvæmdastjóra á fund Kaupmannafélags Akraness í fyrradag.

2. Formaður skýrði frá því að nokkrar óánægjuraddir hefðu heyrst með þá tilhögun á afgreiðslutímana í desember eins og ákveðið var á síðasta fundi. Páll Sæmundsson skýrði frá því að almenn óánægja væri með ákvörðun þessa, og lagði hann fram tillögu um að lokunin yrði sem hér segir:

laugardag 9. des. kl. 18.00
— " — 16 — — 10.–
fimmtud. 21 — — 10.–
laugard. 23. — — 24.

Nokkrar umræður urðu um þessa tillögu svo og með skiptingu lokunartíma eftir sérgreinum. Almennur áhugi manna var fyrir breytingunni, og var framkvæmdastjóra falið að annast um breytinguna.

3. Staðsetning og skipulag verzlunarhverfa. Sigurliði telur málið ekki tímabært eins og er og vísaði til fyrri umsagnar um það. Taldi hann að það myndi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

torvelda málið.
Ólafur Þorgrímsson lýsti skoðun sinni
við ályktunina og kvaðst greiða henni
atkvæði sitt.
Formaður undirstrikaði þá skoðun
sína að þetta ætti fyrst og fremst að
vera samböndunum til bóta.
Sigurliði benti á, að með þessari
ályktun væri bæjaryfirvöldunum
veitt tækifæri til þess að koma
ábyrgðinni um skipulagsleysi bæjarins í þessum málum yfir á K.Í.
Umræðu um þetta var lokið.
Atkvæðagreiðslu var frestað fram yfir
áramót.

4. Sölutúrnamálið: Nokkrar umræður um
tillöguna og voru menn almennt á
einu máli um fastari skipan þessara
mála. Urðu mjög fjörugar umræður um
mál þetta og tóku allir mættir fundarmenn til
máls.
Umræðu var frestað fram yfir áramót.
Fundi slitið
Mættir voru: S.M. Sk. B.J. P.S. Se.A. L.Bl.
J.F.B. Ó.Þ. Sv.Sn.



5 Fundur var haldinn í K.Í.
föstudaginn 8. des. að Laugav. 22.

Fyrir var tekið:
Formaður setti fundinn og skýrði
frá tillögum um lokunartíma sölubúða
í desember og undirtektir V.R. í
þessu máli; en þeir höfðu ekki getað
samþykkt þá tíma sem okkar
stjórn hafði samþ. fyrir nokkru.
Samþykktur var eftirfarandi
lokunartími:
Laugardaginn 9. des til kl. 6
— " — 16 " " " 10
— " — 23 " " " 24
með öllum atkvæðum og framkv.stj.
falið að tilkynna öllum aðiljum
þetta.

Mættir voru S.Fr. Fr.B. H.Joh. Sig.M.
Ó.Þ. Fal.J. Þ.Sam. B.G. Sv.Sn.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið

[illegible signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
til Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1962.

Fyrsti fundur í K.F. var haldinn föstudaginn 26 Jan. í hinum nýju húsakynnum félagsins að Klapparst. 26

Fyrir var tekið:

1 Formaður setti fundinn og óskaði fundarmönnum gleðilegs árs.
Þá gat formaður þess að nú nýlega hefði Sigurliði Kristjánsson verið kosinn í nefnd Tollvörugeymslu fyrir hönd K.F.
Sigurliði Kristjánsson gat þess að búið væri að festa kaup á húsum Glerverksm. fyrrverandi. Kaupverðið væri 2.000.000.00
Ætlast væri til að tollvörugeymslan yrði rekið sem sérstakt fyrirtæki í hlutafélagsformi og væri mönnum innan samtakanna heimil þátttaka. Húseignin er 1320 m² þar af er ca 700 m² tiltækileg til geymslu mjög bráðlega. Útborgun er 500.000.00 eftirstöðvar 1.500.000.00 er til 20 ára 6 % vextir, öll lóðin sem fylgir er 8000 m².

2. Formaður minntist næst á ályktun um að bæjarráð og bæjarstjórn Reykjavíkur hafi ávalt samráð við stjórn K.F. um skipun og staðarval verzlana í nýjum bæjarhverfum.



Ólafur Jóhannsson gat þess að þessi mál hefðu áður komið til umræðu (fyrir 3 árum) í félagi vefnaðarvörukaupmanna með tilliti til áðursendra umsókna til borgarstjórnar. Ólafur taldi þetta nauðsynlegt og hefði átt að vera komið fram fyrr.
Sigurliði Kristjánsson sagðist vera alveg andvígur þessari ályktun, báði hefði verið það og væri enn. Hér kæmu svo mörg atriði til greina og hann hefði enga trú ~~hafa~~ á að bæjaryfirvöldin myndu taka tillögur K.F. alvarlega. Þá væri fleiri aðiljar sem um þetta mál vildu fjalla t.d. Neytendasamtökin.
Formaður harmaði það að S.K. vantreysti getu stjórnar K.F. til að hafa áhrif á þessi mál hjá bæjarstjórn.
Ólafur Þorgrímsson, taldi óþarft að vera að vantreysta bæjarstjórn í þessu máli. Taldi hann að engir væru færari til að vinna að skipulagningu þessara mála heldur en menn frá K.F.
Ályktunin var síðan borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Næsta mál sem tekið var fyrir var Söluturnar og lokunartími sölubúða.
Formaður reifaði málið og las upp ályktun í sambandi við þetta mál. síðan skipti hann einstaka liði og gat þess að ályktunin hefði verið samin í samráði við stjórnir söluturnaeigenda og matvörukaupmanna, en það eru þær aðilar sem þetta mál snýr aðallega að. þá er stungið uppá að lokunartími söluturna verði framvegis Kl. 10 í staðinn fyrir Kl. 11 1/2.
Björn Jónsson kom fram með breytingar aðallega í sambandi við helgidaga.
Jón Björnsson taldi ekki nauðsynlegar breytingar á ályktuninni vegna helgidaga það væri nóg af þeim hjá okkur þegar.
Jón Björnsson taldi ýmsa annmarka á að loka söluturnum Kl. 10 í stað 11 1/2 og tók dæmi þessu máli til stuðnings svo sem t.d. hefðu veitingahúsaleyfi.
Guðm. Ingimundarson, taldi ályktunina spor í rétta átt og ræddi nokkuð ýmsa liði ályktunarinnar.
Jón Björnsson sagði að eigendur söluturna mundu allir vera á móti lokun Kl. 10.



Sigurliði Kristjánsson sagðist styðja tillögu um að nauðsynlegt væri að loka í sambandi ~~við~~ söluturna við matvörubúðir, enginn samgangur mætti vera þar á milli. Ennfremur benti hann á að rakvélablöð mætti einnig fást í söluturnum.
Formaður stakk uppá að málið yrði athugað nánar og allar framkomnar tillögur yrði reynt að samræma í ályktuninni og síðan væri talað við fulltrúa borgarstjóra. Málið yrði síðan endanlega lagt fyrir stjórn K Í til atkvæðagreiðslu.
Hafliði Jónsson gerði nokkrar athugasemdir við ályktunina.

4. Formaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1962, útskýrði hann áætlunina og las upp einstaka liði.
Formaður bar þar næst áætluna undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið

Matthías Jónsson. S. Kr. Björgvin Jón Björnsson
Sölvi Eysteinsson Jón Matth. Hafl. Jónsson Sigurð. Ingimundarson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ól. Joh. Ásgr. Lúðvík. Ól. Þorg.
Björn Gröndal. Sig. Mag.

Björn Guðmundsson
ritari.

Fundur var haldinn í stjórn K.Í. föstudaginn 2. marz.

Fyrir var tekið:

1. Formaður setti fundinn og lagði fram skýrslu fyrir lífeyrissjóð samlaganna undirritaða af Hirti Jónssyni sem er ~~at~~ fulltrúi K.Í. í sjóðnum.
Þá fór fram kosning fulltrúa og vara fulltrúa fyrir sjóðinn og voru kosnir: Hjörtur Jónsson og til vara Björn Ófeigsson.

2. Lagt fram bréf til Verðlagsnefndar um að K.Í. hefði fulltrúa í nefndinni enfremur bréf til sömu aðilja um breytingu á álagningu á vefnaðarvöru. Leifur Jónsson minntist á að um leið og þetta bréf var sent var og minnst á vissa greinar byggingarvara.



Þá var bréf til verðlagsnefndar um breytingu á tvískiptingu álagningar og skýrt hversu óheppileg sú tvískipting álagningar sem ~~var~~ undanfarið hefði nokkuð tíðkast. Farið var fram á lagfæringu á þessum málum.

3. Frumvarp á Alþingi um hækkaða tolla af sælgæti, öl og gosdrykkjum.
Lagt til að K.Í. hefði samstöðu með Iðnrekendum í að mótmæli öllum tillögum til hækkunar á þessum vörum, sem aðeins myndi skapa ýmiskonar heimilisiðnað ~~á þessum vörum~~ og minnkandi sölu hjá kaupmönnum á þessum vörum.

4. Fjáröflun og aðstoð við aðstandendur þeirra, er farist hafa af sjóslysum að undanförnu:
Formaður skýrði málið og sagði að nokkrir áhugasamir kaupmenn hefðu boðist til að aðstoða við að halda svo alveg á næstum Borgi kvöld til ágóða fyrir þetta málefni.
Þorvaldur Guðmundsson mælti með tillögunni en minnti á nokkur atriði sem athuga þyrfti í sambandi við framkvæmd

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt var að bjóða ~~Kau~~ félagi ísl. stórkaupmanna og félagi ísl. iðnrekenda að vera með í þessu máli, og ~~to~~ reyna að halda Bingókvöldið sem allra fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

Mættir voru:
Pétur Andrésson, Björn Jónsson, Ísleifur Jónsson, Páll Sæmundsson Sig. Magnússon, Jón G. Björnsson Jón Mathiesen.

Björn Guðmundsson



8 Ár 1962, miðvikudaginn 21. marz kl. 2 e.h. var fundur haldinn í stjórn K.Í. í fundarsalnum á Klapparstíg 26. Fyrir var tekið:

1. Formaður setti fundinn og gerði utan dagskrár grein fyrir þessum atriðum:

a) aðild Kaupmannasamtakanna að sjóslysasöfnuninni:
Formaður upplýsti að hagnaður af skemmtisamkomum þeim sem Kaupmannasamtökin, ásamt Félagi Íslenzkra Stórkaupmanna og Félagi Íslenzkra Iðnrekenda höfðu beitt sér fyrir að haldin voru sunnudaginn 11. marz s.l., ásamt fjársöfnun hefði numið liðlega 180,000- krónum og hefði því fé verið skilað til biskups.

b) Lokunartími sölubúða.
Formaður upplýsti að erindi það sem að Kaupmannasamtökin samþykktu á síðasta stjórnarfundi hefði verið sent til bæjarráðs og þar mun það hafa verið tekið fyrir og falið í fyrsta umgang embættismanni bæjarins, en ekki hefði verið ennþá kallað í fulltrúa frá okkar samtökum, eða annara svo honum væri kunnugt. Til viðræðna

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um mál þessi. Eftir samtali
við borgarstjóra, væri þetta mál
þó í athugun og mætti búast við
að það yrði tekið til endanlegrar
afgreiðslu, áður en langur tími liði.

c) Í þriðja lagi.

<u>Sumarfagnaður</u>

Þá benti formaður á það að sú
hugmynd hefði komið fram, að æskilegt
væri að kaupmenn efndu til fagnaðar
einu sinni á ári þar sem að segja
mætti að hann væri sameiginlegur
ársfagnaður, fyrir alla meðlimi
kaupmannasamtakanna.

Ungir og áhugasamir menn innan
samtakanna, hefðu nú tekið sig
saman um undirbúning að því
að efna til slíkrar skemmtunar á
síðasta vetrardag og vænti hann þess
að af því gæti orðið árangur.

2. <u>Þá var gengið til dagskrár</u> og
tekin fyrir umræða um frumvörp þau
sem nýlega hafa verið lögð fram á
alþingi um tekju og eignaskatt, svo
og frumvarp til laga um tekjustofna
sveitafélaga.

Framkvæmdastjóri Sveinn Snorrason
sem er annar fulltrúi Kaupmanna-
samtaka Íslands í sameiginlegri
skattamálanefnd atvinnuveganna



skýrði frá því, að hann hefði ásamt
Haraldi Sveinssyni, sem einnig er
mættur á fundinum verið boðaðir
á fund hinnar sameiginlegu
skattanefndar síðastliðinn mánudag.
Umræðuefni þess fundar hefði verið
frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga
er þá var nýlagt fram á alþingi.
Skýrði Sveinn síðan frá umræðum
þessum svo og því að Svavari Pálssyni
endurskoðanda hefði verið falið, fyrir
hönd nefndarinnar, að ganga frá
erindi til þeirra þingnefnda er
um frumvarpið fjalla, um breytingar
einkum á 9. og 10. gr. frumvarpsins
og 51. gr. þess.

Sveinn upplýsti það sérstaklega
að áður en að frumvörp þessi, hefðu
verið lögð fram fyrir alþingi, hafi
honum eða meðnefndarmanni
hans Haraldi, aldrei verið sýnt
frumvarpið og ekkert samráð verið
haft við þá um það og vissi hann
ekki til að skattamálanefnd
atvinnuveganna hefði fjallað um það.

Haraldur Sveinsson tók einnig
til máls, tók í sama streng og
Sveinn og var einkum bent á
hættuna, sem verzluninni væri
búin af ákvæðum 9. og 10. gr.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frumvarpsins um aðstöðugjöld verzlunarinnar. Töldu þeir litla bót vera að aðstöðugjaldinu miðað við veltuútsvarið, eins og áður var.

Urðu síðan um þetta allmiklar umræður. Sigurliði Kristjánsson tók til máls, og benti sérstaklega á það misræmi, sem rekstrarformum væri gert í lögunum um tekjuskatt og eignaskatt og benti á, að kaupmenn þyrftu að vera vel á verði og allir atvinnurekendur yfirleitt, um það að réttur þeirra sem einstaklinga væri ekki borinn algerlega fyrir borð, en með þessum frumvörpum sem hér voru til umræðu væri stemt í þá átt.

Að lokum var samþykkt að beina þeim tilmælum til skattamálanefndar atvinnuveganna að hún taki þetta mál til endurskoðunar og reyndi að koma fram frestun á afgreiðslu málanna á þingi, þar til leiðréttingar hafa verið gerðar, bæði að því er varðar 9. og 10. gr. í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga og ennfremur að einstaklingsrekstri verði í lögunum um tekjuskatt og eignaskatt skapaður sami réttur til varasjóða



og skattaívilnana, eins og hlutafélögum og samvinnufélögum er nú gert í þeim í því lagafrumvarpi.

Fleira var ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Mættir: SM. JM. ÞorvG. P.Andr. Bj.J. SigurlK. PJB.
P.Sæm, HarSv., Ol Þorgr., Sölvi Ólafss.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1962 Föstudaginn 30 marz
var fundur haldinn í stjórn
Kaupmannasamtaka Íslands, í skrifstofu
samtakanna að Klapparstíg 26.
Fundurinn hófst kl. 2. e.h.
Mættir stjórnarmenn voru Sigurður
Magnússon, Ísleifur Jónsson, Sveinbjörn
Árnason, Pétur Andrésson, Sigurliði
Kristjánsson, Páll Sæmundsson,
Þorvaldur Guðmundsson, Jón I. Bjarnason
Guðmundur Jónsson, Björn Jónsson,
Jón Mathiesen, Lárus Blöndal og
Ólafur Þorgrímsson.

Fyrir var tekið:
Umræður um aðalfund Verzlunar-
banka Íslands h/f. og tillögur um
stjórn bankans.

Formaður Sigurður Magnússon,
skýrði frá fundi, sem stjórnar-
formenn og framkvæmdarstjórar,
K.Í., V.Í., og F.Í.S. höfðu haldið
í fyrradag, til þess að ræða
um möguleika á sameiginlegum
lista, um stjórnarkjör í Verzlunar
bankanum, á aðalfundinum
6. April n.k.

Virtist svo, sem að full
samstaða væri um að Þorvaldur
Guðmundsson og Egill Guttormsson
skipuðu tvö efstu sæti hins



sameiginlega lista, en gefið framt
að Pétur Sæmundsen, sem í fyrra
skipaði þriðja sæti listans, hverfi
nú úr aðalstjórninni. Hinsvegar
hefði komið fram á þeim fundi,
að sá maður, sem sennilegast
væri að flestir gætu staðið saman
um, væri Magnús Brynjólfsson.
Auk Magnúsar höfðu verið nefndir
sem mögulegir í þriðja sætið
þeir Óskar Norðmann kaupmaður
og Othar Ellingsen kaupmaður.

Í gær voru haldnir fundir
hjá Verzlunarráði og Félagi
Íslenzkra Stórkaupmanna, og
samþykktu stjórnir þessara sam-
taka, fyrir sitt leyti, þá Þorvald
og Egil sem tvo efstu menn, en
Magnús Brynjólfsson sem þriðja.
Verzlunarráðið mælti með Pétri
Sæmundsen sem fyrsta varamanni
en Vilhjálmi Vilhjálmssyni og Birni
Guðmundssyni sem öðrum og þriðja
varamanni. F.Í.S. mælti hins-
vegar með Vilhjálmi Vilhjálmssyni,
Birni Guðmundssyni og Othar
Ellingsen sem varamönnum.

Formaður óskaði eftir því að
heyra tillögur fundarmanna og
kvaðst óska þess, að fullt samkomulag

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mætti nást innan allra hinna þriggja samtaka, um sameiginlegan lista sem allir hluthafar Verzlunarbankans mættu vel við una.

Sveinbjörn Árnason varpaði fram þeirri spurningu, hvort ekki væri tímabært, að stjórn bankans, væri í höndum fimm manna, en ekki þriggja.

Sigurliði Kristjánsson taldi brýna nauðsyn, að stjórnin væri skipuð fimm mönnum en ekki þremur, og taldi að framkvæmdastjórn Kaupmannasamtakanna hefði átt að beyta sér fyrir því, að tillaga um það hefði komið fram á þessum fundi.

Páll Sæmundsson stakk upp á því, að Þorvaldur Guðmundsson dragi sig í hlé úr stjórn Verzlunarbankans, en Óskar Norðmann yrði fulltrúi Kaupmannasamtakanna í stjórn bankans í hans stað.

Þorvaldur Guðmundsson kvaðst ekki geta orðið við tilmælum Páls Sæmundssonar um að draga sig í hlé nema, að það væri eindreginn vilji meirihluta stjórnar K.Í.

Urðu nú nokkrar umræður um hvaða menn, yrðu heppilegastir



á listanum og kom fram meðal annars, sú hugmynd, hvort ekki væri rétt í viðurkenningarskyni við Pétur Sæmundsen fyrir störf hans í þágu Verzlunarsparisjóðsins og síðar Verzlunarbankans að skipa hann í einskonar heiðurssæti sem síðasta mann á sameiginlegum lista, þannig að tengsli hans við stofnunina rofnuðu ekki þó að hann hinsvegar væri látinn víkja úr aðalstjórn, eingöngu sakir þess, að hann er í innsta hring iðnrekenda. Að loknum allmiklum umræðum, tók Sigurliði Kristjánsson aftur til máls og taldi, að þessar umræður væru spor í rétta átt og í þessum umræðum kæmi fram sú sama stefna og stjórnin hafi í fyrra unnið að, þ.e., að Óskar Norðmann skipaði annað sæti, frá hendi Kaupmannasamtakanna á sameiginlegum lista, svo langt hefði verið komið, að samkomulag hafi verið orðið um efstu tvo menn listans, en að hinir fjórir skyldu ákveðnir til skiftis af hvorum samtökunum fyrir sig. Hafi Óskar Norðmann þá verið hafður í huga.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem annar maður frá samtökunum.
Eftir að þetta samkomulag hafi
orðið, hafi hinsvegar gengið holskefla
yfir stjórn Kaupmannasamtakanna,
en, en sér hafi fundist það einkennilegt
þegar stjórnarmenn K.Í. og banka-
ráðsmenn hafi unnið á móti því, að
Oskar Nordmann gæti verið á þessum
sameiginlega lista.

Þorvaldur Guðmundsson sagðist
telja það sjálfsagt, ef samkomulag
hefði verið í fyrra um Oskar Nordmann
að reyna það þá einnig nú.

Björn Jónsson kvaðst fyrir sitt
leyti með engu móti geta samþykkt
Magnús Brynjólfsson sem fulltrúa
K.Í. í stjórn Verzlunarbankans og
jafnframt áliti hann að stórkaupmenn
gætu ekki talið hann sinn fulltrúa.
Benti hann á, að í fyrra hafi ~~hann~~
Kaupmannasamtökin einmitt bent á
Magnús Brynjólfsson sem mögulegan
fulltrúa allra samtakanna, sem að
bankanum standa sem varamann
í verðlagsnefnd, en þá hafi einmitt
Verzlunarráðið og stórkaupmenn eindregið
hafnað Magnúsi. Sagði Björn að sér
fyndist, það mjög skrítið ef að þeir
þessir aðilar teldu hann nú vera sinn
fulltrúa.



Sigurliði Kristjánsson kvaðst vera
með tillögu að sameiginlegum lista
allra samtakanna og kvaðst hann
gera ráð fyrir því, að ef að sú tillaga
yrði samþykkt af öllum aðilum, að
þá kæmi ekki fram annar listi við
kjör stjórnar bankans.

Listi þessi er þannig skipaður:
Þorvaldur Guðmundsson, Egill Guttormsson,
Oskar Nordmann, Albert Guðmundsson,
Magnús Brynjólfsson, Pétur Sæmundsen.

Sigurður Magnússon formaður
tók aftur til máls, sagði hann
að sér virtist, að tilmæli Páls
Sæmundssonar, um að Þorvaldur
Guðmundsson viki sæti fyrir
Oskari Nordmann, stingi mjög í
stúf við annað sem fram hafi komið
á fundinum. Beindi hann þeirri
spurningu til Páls, hvort hann
óskaði eftir því að gengið væri til
atkvæða, um þessi tilmæli hans.

Páll Sæmundsson kvaðst vilja
undirstrika það, að tilmæli sín
bæri alls ekki að skoða sem vantraust
á Þorvald Guðmundsson, eða störf
hans í stjórn bankans, heldur
hefði hann aðeins með því viljað
benda á það, að þó að einn maður
væri einu sinni kjörinn í stjórn bankans

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ætti hann ekki að vera þar eilífur
augnakarl. Hér hafi eingöngu verið
um tilmæli að ræða, þar sem þeim
hefði verið hafnað af Þorvaldi, væri
það mál þar með afgreitt og óskaði
hann ekki eftir því að til atkvæða-
væri gengið um það á fundinum.

Jón Matthiesen lagði til að í
stað Péturs Sæmundsen í tillögu
Sigurliða Kristjánssonar, kæmi Othar
Ellingsen sem varamaður í stjórnina.

Björn Jónsson kvaðst vilja undir-
strika það í sambandi við samninga
um væntanlegan sameiginlegan
lista um stjórnarkjör í Verzlunarbank-
anum, að Kaupmannasamtökin
hljóti að eiga hér fyrsta leikinn með
tilliti til alls, sem á undan hafi
gengið. Kvaðst hann telja þá til-
högun mjög réttláta, að Óskar
Norðmann skipaði nú þriðja sætið
sameiginlegs lista, en stórsali í hans
stað næsta ár. Einnig benti hann á
það, að ekki væri óeðlilegt að hugsa
sér, að fulltrúar launþega ættu einn
mann í varastjórn, þó hann vildi
ekki gera það að tillögu sinni.

Sigurður Magnússon formaður
skýrði nú frá því, í sambandi við
umræður við hin samtökin, hafi



komið fram sú skoðun, að ekki
væri tímabært fyrir samtökin sem
slík, að beita sér fyrir, því að
launþegar, sem eru hluthafar í
bankanum, skipi sæti í stjórn
hans. Flestir hluthafar úr laun-
þegastétt, eru dugmiklir menn, sem
vinna nú að verzlunarstörfum, sem
búast má við að verði orðnir sjálf-
stæðir atvinnurekendur innan mjög
skams tíma. Þá væri tímabært
fyrir þá að taka sæti í stjórninni.

Að loknum þessum umræðum
var gerð skoðanakönnun um það,
hvernig heppilegast væri, að skipa
mönnum á lista sameiginlegan,
og kom fram vilji yfirgnæfandi
meirihluta stjórnarmanna, að
þrír efstu menn og í þessari
röð skaldu vera: Þorvaldur
Guðmundsson, Egill Guttormsson og
Óskar Norðmann. Í sambandi
við varafulltrúa leiddi skoðana-
könnun þessi í ljós að einn vildi
hafa Pétur Sæmundsen sem fjórða
mann listans, annar sem fimmta
mann en ellefu sem sjötta mann.
Tveir vildu hafa Björn Guðmundsson
sem fjórða mann og tveir sem
fimmta mann. Fjórir vildu Othar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ellingsen sem fjórða mann, einn
sem þriðja mann og tveir sem
sjötta mann, þrír vildu Albert
Guðmundsson sem fjórða mann
og einn sem fimmta mann,
einn vildi Óskar Norðmann sem
fjórða mann, tveir vildu Magnús
Brynjólfsson sem fjórða mann,
en sjö, sem fimmta mann.
Einn vildi Vilhjálm Vilhjálmsson sem
fimmta mann.

Önnur mál

Sigurliði Kristjánsson beindi
þeirri fyrirspurn til framkvæmdar-
stjórnar, hvað liði þeirri ályktun
sem síðasti stjórnarfundur hefði
gert í skattamálunum.
Sveinn Snorrason skýrði frá því að
hin sameiginlega skattamálanefnd
atvinnurekenda, hefði haldið fimm
fundi út af öðru málinu og
sent sameiginlegt álit til félags-
málanefndar Alþingis, vegna
lagafrumvarpsins um tekjustofna
sveitarfélaga. Skýrði Sveinn síðan
frá því í hverju þar tillögur hafa verið
fólgnar. Ennfremur skýrði Sveinn
frá því, að fulltrúar Kaupmanna-
samtakanna í nefndinni hafi
gert eindregna kröfu, til þess að
nefndin fjallaði á sama hátt



um frumvarpið til laga um
tekjuskatt og eignaskatt, og hafi
samskonar kröfur einnig komið
frá öðrum atvinnurekenda hópum.
Má búast við því, að það mál
verði tekið til umræðu, þegar eftir
helgina.
Sigurliði Kristjánsson þakkaði
upplýsingar og skoraði jafnframt
á framkvæmdastjórnina, að
vinna ötullega í skattamálunum
og vera vel á verði gegn þeim
órétti, sem með þeim væri
verið að beita einstaklingsfram-
takið.

Fundi slitið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10

1962. Þriðjudaginn 3. apríl, var fundur haldinn í stjórn Kaupmannasamtaka Íslands, í skrifstofunni, að Klapparstíg 26.

Mættir voru: S.M, P.L, G.J., Þ.G, Ó.Þ, B.J, H.B, J.M, P.S, S.K., P.Ó., J.I.B, I.J, S.R, og S.Ó.

Fyrir var tekið:

Aðalfundur Verzlunarbankans.

Formaður skýrði frá því, að hann og framkvæmdastjóri, hefðu komið á framfæri, ákvörðun síðasta fundar við stjórn F.Í.S., og V.Í.

Fyrir hádegi í dag, var haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum hinna samtakanna og er það skemmst frá að segja, að þær stjórnir lýstu sig andvíga þeirri kolasions-aðferð, sem fram kom í ákvörðun síðasta fundar K.Í.

Við skoðanakönnun, sem fram fór, um heppilegastan þriðja mann á hinum sameiginlega stjórnarfundi kom í ljós, að Magnús Brynjólfsson naut mest fylgis.

Í sambandi við umræður, sem þar urðu um varamanna sæti, kom fram að skynsamlegt væri, að Pétur Sæmundsen yrði ekki algjörlega slitinn úr tengslum



við stofnunina og ákveðið að stilla hann í síðasta sæti. Að lokum kom fram á þeim fundi tillaga um skipan listans þannig:
Í efsta sæti Þorvaldur Guðmundsson þá Egill Guttormsson, í þriðja sæti Magnús Brynjólfsson, í fjórða sæti ótilgreindur heildsali, í fimmta sæti ótilgreindur kaupmaður í sjötta Pétur Sæmundsen.

Tillaga þessi var samþykkt með samhljóða atkvæðum. Og er sú niðurstaða fundarins frá því í morgun.

Formaður kvaðst telja mikilvægt og bankastofnuninni fyrir beztu, að við getum sameinast um þennan þriðja mann. Sem endurskoðandi kusu hinir aðilarnir Svein Björnsson úr sínum hópi og lýstu jafnframt yfir stuðningi við Jón Helgason.

Páll Sæmundsson kvaðst telja að sá árangur, sem hér kæmi fram, væri mjög lélegur, þar sem einungis væri gert ráð fyrir, að Kaupmannasamtökin ættu tvo fulltrúa í stjórn og varastjórn af sex.

Formaður tók nú fram, að hann hefði í gær átt símtal við Oskar Norðmann. Hafði hann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrt honum frá því, að sér hafi skilist að á síðasta fundi í fyrra hafi Óskar gefið yfirlýsingu, um það að ekki kæmi til greina, að hann gæfi kost á sér í bankaráðið.

Óskar Norðmann skýrði frá því, að yfirlýsing þessi, hefði verið gefin, til þess að mótmæla ákveðnum kviksögum, sem á loft hefðu verið komnar, um að hann væri að undirbúa lista með sér á í skrifstofu sinni, til þess að leggja fram á aðalfundinum. Hafi yfirlýsing sín, einungis tekið til þeirrar kviksögu.

Nú hafi hins vegar nokkrir aðilar, skorað á sig að gefa kost á sér við kjör í bankaráð Verzlunarbankans, sú ósk væri ekki komin frá honum sjálfum, heldur frá öðrum aðilum, og kvaðst hann hafa skýrt þeim frá því, að hann vildi ekki skorast undan þeim óskum, sem þannig hafa fram komið um framboð. Hinsvegar kvaðst hann leggja það í vald þessum mönnum, hvort slíkur listi yrði settur fram eða ekki.

Páll Sæmundsson bar fram



fyrirspurn um það, hvort hafi verið viðhorf Verzlunarráðsins og Félags Íslenzkra Stórkaupmanna til væntanlegs framboðs Óskars Norðmann.

Formaður svaraði þeirri fyrirspurn á þann veg, að engin bein afstaða hafi verið tekin gegn Óskari Norðmann hinsvegar hafi Magnús Brynjólfsson verið talin ~~[illegible]~~ heppilegri og líklegri til þess að samstaða gæti um hann myndast.

Í þessu sambandi gat formaður þess, að Sigurður Óli Ólafsson alþingismaður, sem er fjarverandi á fundinum, en sat fundinn í morgun, hafi lýst yfir samþykki sínu við þessa ráðstöfun.

Þorvaldur Guðmundsson skýrði frá því, að á síðasta fundi, hafi því verið haldið fram, að fullt samkomulag hafi í fyrra verið orðið um Óskar Norðmann. Þessvegna hafi hann lagt til á síðasta fundi, að ef samkomulag hefði verið í fyrra, að þá væri sjálfsagt að reyna það nú. Hinsvegar fæli yfirlýsing Óskars Norðmann í sér að svo hafi ekki verið, og teldi hann því allan vafa á að svo hafi verið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Páll Sæmundsson spurði hvort samningsaðilarnir hafi ekki í fyrra gefið út skriflega yfirlýsingu um það samkomulag og óskaði hann eftir því, að sú yfirlýsing sem samningsnefndirnar gáfu út yrði lesin upp.

Framkvæmdastjórinn las síðan yfirlýsinguna.

Ólafur Þorgrímsson lýsti því yfir að hann teldi óheppilegt að rifja upp þau atvik sem áttu sér stað í sambandi við valið í bankaráðið í fyrra. Þá hafði nýj viðræðunefnd afgreitt á hálftíma, sameiginlegan lista, en þá hafi komið í ljós að fyrri nefndin hafði ekki rætt um Magnús Brynjólfsson. Auk þess hafi yfirlýsingin í fyrra, mjög lítið gildi, þar sem að viðsemjendur nefndarinnar, þ. e. s. fulltrúar V. Í. og F. Í. S. hafi verið neyddir til þess að skrifa undir plaggið.

Sigurliði Kristjánsson mótmælti því að nokkur hafi verið neyddur til þess að skrifa undir yfirlýsinguna í fyrra. Kvaðst honum finnast það undarlegt, að læða því hér inn, sem almennri skoðun, að



mjög óheppilegt væri, að koma á rotasions-kerfi í sambandi við kosningar þessar. Þess væru fjölda mörg dæmi, þar sem félagasamtök eiga fulltrúa, að þau skiftust eftir ákveðnum reglum, um skipun fulltrúanna. Hinsvegar tek ég undir orð Páls Sæmundssonar um það að stjórn K. Í. er hér að afsala sér rétti, á sama hátt og í fyrra, bæði með fjöldanum og með því að halda ekki því til streitu að Óskar Norðmann verði fulltrúi K. Í. Með því móti yrðu tveir fulltrúar K. Í. í aðalstjórn í stað eins, eins og verið hafi í fyrra og tillögur þær sem hér liggja fyrir geri ráð fyrir. Kvaðst hann óska eftir því að þetta yrði sérstaklega bókað.

Þorvaldur Guðmundsson, hvað sem viðvíkur rotations-hugmyndinni almennt þá kom þó fram hjá hinum aðilunum á fundinum í morgun, að rotations aðferð sé óframkvæmanleg eins og sakir standa. Og ég verð að segja fyrir mig, að ég skil ekki þann þánkagang, sem liggur að baki þeirri beiðni, eða þeim tilmælum Páls Sæmundssonar á fundinum um daginn, um að ég afsali mér í fyrsta sæti á hinum sameiginlega

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lista. Jeg sé ekki að Kaupmanna-
samtökunum, sem slíkum sé neinn
greiði með því gjörður. Jeg tel mest
um vert, þegar einhugur er um
ákveðinn mann, eins og greinilega
kom fram á fundinum um daginn
að sá maður haldi sínu sæti.
Enda tel og að það sé best fyrir
stofnunina.

<u>Sigurliði Kristjánsson</u> sagði að
sér virðist Þorvaldur Guðmundsson
leggja á það sérstaka áherslu,
að einstakur einhugur hafi ríkt
um þessa stofnun og ætti að
gera það. Mér finnst rétt að segja
sagði Sigurliði, að aðrir hefðu átt
að vera til þess. Ef einhverjir vildu
í vann og væru ekki heilt í málinu
í fyrra, þá voru það fyrst og fremst
þeir, sem þá héldu sellufundi, til
þess að kollvarpa þeim árangri sem
náðist í samningum við V.Í. og
F.Í.S. sem skjalfest er, og lesið
hefur verið hér upp, en þá voru
það fyrst og fremst Þorvaldur Guð-
mundsson og Ólafur Þorgrímsson
sem ónýttu það samkomulag,
sem náðst hafði.

<u>Formaður</u> beindi þeirri fyrirspurn
til fundarmanna, hvort þeir teldu ekki



réttara að halda sér við líðandi
stund.

<u>Hendrik Bendtsen</u>, hefur
ekki bankastjórnin staðið það
vel í stykkinu, að rétt sé að
hún haldi áfram stjórn stofnunarinnar
Jeg veit ekki betur, en að stofnunin sé
í uppgangi og engan hefi eg heyrt
hallmæla stjórninni. Þess vegna skil
eg ekki í hverju allt þetta rifrildi
geti verið fólgið. Við vitum það allir
að Magnús er góður og heiðarlegur
maður, sem vel er treystandi til
þess að eiga aðild að stjórn
stofnunarinnar.

<u>Sigurliði Kristjánsson</u>: mín skoðun
er sú, að þar sem að hlutafélags form
sé á atvinnurekstri, þá sé það langt
eðlilegast, að eins mikið jafnvægi
sé fengið í stjórnina eins og unnt sé.
Mitt sjónarmið í þessu máli, er
eingöngu það, að ítök Kaupmanna-
samtakanna í þessari stofnun verði
eins mikil eins og unnt er. Með
því skapast bæði jafnvægi og friður
innan stofnunarinnar og eining
um hana.

<u>Formaður</u>: það er alveg rétt
hjá Sigurliða, að þetta er aðal
atriðið, að jafnvægi og friður geti

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geti haldist um stofnunina.
Ef allir eru ásáttir um það, á ekkert að vera því til fyrirstöðu. Jeg er hinsvegar þeirrar skoðunar í sambandi við val þeirra tveggja fulltrúa sem hér hafa verið til umræðu, að Magnús sé sá maðurinn sem nýtur stuðnings fleiri aðila og þessvegna sé réttara að sameinast um hann, heldur en Óskar Norðmann, sem ég tel þó í alla staði vera vel hæfan til þess að taka að sér starfið. Hinsvegar er það staðreynd að Magnús Brynjólfsson nýtur meiri vinsælda meðal viðsemjenda okkar.

Sigurliði Kristjánsson: mín afstaða byggist á því að Kaupmannasamtökin fái hér fullan rétt, en afsali sér ekki rétti. Nú er því haldið fram, og það jafnvel komið í einu af blöðum bæjarins, að eg sé að berjast við Þorvald Guðmundsson um bankaráðsstöðu. Jeg vil taka það skýrt fram, og eg veit að fulltrúarnir hér vita það allir, að eg hefi aldrei verið að berjast fyrir sjálfan mig, heldur hefi eg verið að berjast fyrst og fremst og eingöngu fyrir K.Í. Jeg vil láta það koma fram, að ef eg get ekki unnið af alhug að



félagsmálum, án þess að verða fyrir hnútukasti, sem mig grunar að viti hvaðan runnin séu, þá tel eg það mjög miður. Jeg hefi jafnan reynt að hafa jákvæða afstöðu í hverju máli. Og eg hefi aldrei dregið neina dul á mína afstöðu.
Og eg tel það höfuðnauðsyn, ef starfa á að alúð að málefnum samtakanna, að manni sé ekki velt upp úr skítnum fyrir það. Svo er hér annað blað sem heitir Ný vikutíðindi. Þar er líka grein sem snertir mín störf hér. Í Mánudagsblaðinu er eg talin mesti uppreisnarmaður í samtökunum. Í grein í Nýjum vikutíðindum kemur að því sama. Svo virðist sem að sömu öfl standi að baki báðum. Með leyfi formanns, las Sigurliði síðan grein í Nýjum Vikutíðindum síðasta tölublaði.

Að lokum sagði Sigurliði að hér væri sýnilegt að eitthvað sérkilegt væri á ferðinni, taldi hann að slík skrif sem þessi væru mjög óhagstæð málefnalegri baráttu fyrir Kaupmannasamtökin.
Þorvaldur Guðmundsson taldi að sú grein sem að Sigurliði hafði lesið upp, skifti í sjálfu sér litlu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

máli og ekkert mark væri á henni takandi. Þó væri það rétt, sem fram kæmi í greininni, og væri aðalatriðið að stofnunin sem þar er um talað sé Verzlunarbankinn njóti almennra vinsælda. Hinsvegar taldi hann það bersýnilegt af greininni, að hún gæti ekki verið skrifuð af neinum kunnugum eða þeim sem vissu um gang málanna hér. Þessvegna væri sú tónn ósmeklegur í ræðu Sigurliða, að gefa það í skyn að einhver aðstoðarritstjóri væri fyrir þetta blað í okkar hópi.

Jón I. Bjarnason. tók það fram, að hann teliti að hvorki væri Mánudagsblaðið eða Ný Vikutíðindi málgögn Kaupmannasamtaka Íslands. Hinsvegar væru Verzlunartíðindin málgagn þeirra og þar bæri hvergi á slíkum skrifum sem þeim sem að Sigurliði hefði lesið. Kvaðst Jón aldrei hafa talað við ritstjóra Mánudagsblaðsins. Hinsvegar kvaðst hann stundum tala við ritstjóra Nýrra Vikutíðinda Baldur Hólmgeirsson þegar að hann væri að gera upp blaðið við hann. Hinsvegar tók Jón Bjarnason það fram að þau málefni sem að blaðið skrifar um þarna, hafi þar aldrei borið neitt á góma. Hann benti á það, að þau blöð, eða þesskonar



blöð, sem hér er um að ræða, eins og Ný Vikutíðindi og Mánudagsblaðið, hefðu það að höfuðmarki, að birta þesskonar greinar um menn og málefni að von væri í því að blaðið seldist eitthvað fyrir. Menn sem sérstaklega skæruðu fram úr, væru þessvegna í mikilli hættu fyrir þesskonar blöðum. Hitt væri aftur rétt að sannleiksástæð þessara blaða væri ekki altaf þeirra sterkasta hlið. Kvast hann telja, að hver sem yrði fyrir aðkasti úr þesskonar blöðum, stæði jafn réttur eftir sem áður. Kvaðst hann ekki telja Sigurliða mann að minni, þó að þessi grein hafi þarna um hann birzt.

Björn Jónsson kvaðst vilja minnast nokkuð á það sem fram hafi komið í umræðum hér og eins á fyrra fundi, að Verzlunarráðið átti að vera einskonar sameiningartákn verzlunarstéttarinnar. Björn sagði að sín skoðun væri sú, að verzlunarráðið gæti ekki talist slíkt sameiningartákn. Kaupmannasamtökin væru til orðin vegna þess að V. Í. veitti ekki aðilum K. Í. þá þjónustu sem þeir ætluðust til. Í þessu sambandi leyfi ég mér að vísa til samtals, er birtist í Verzlunartíðindunum fyrir nokkrum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árum við Guðmund heitinn Guðjónsson, þar er talað af sanngjarni um sameiningartákn, en þó ekki meira en það, að til þess að við gætum haldið um okkar hagsmuni þurftum að stofna okkar eigin samtök.

Páll Sæmundsson kvaddi ádeins vilja endurtaka að álit sitt væri það, að forsvarsmenn okkar samtaka, hafi staðið sig mjög illa í sambandi við viðræður við V.Í. og F.Í.S.

Formaður: ég tel ekki ástæðu til þess að hafa þessar umræður lengri enda hefur enginn kvatt sér hljóðs. Ég geng út frá því sem vísu, að ef Magnús Brynjólfsson verður valinn sem þriðji maður á sameiginlegan lista og samþykktur af okkur, að þá sé það fyrst og fremst vegna þess trausts sem hann nýtur, en hvorki af því að hann sé dæmigerður kaupmaður eða heildsali. Ég tel sem sagt að það séu komnar hreinar línur í þessar umræður. Að því loknu var gengið til atkvæðagreiðslu, samþykkt var að Magnús Brynjólfsson yrði þriðji maður á sameiginlegum lista með 9. atkvæðum gegn 3. Samþykkt var með 10. samhljóða atkvæðum að ótilnefndur heildsali skipaði



fjórða sæti listans, Björn Guðmundsson fimmta sæti með 13. samhljóða atkvæðum og Pétur Sæmundsen sjötta sæti, með 10. samhljóða atkvæðum. Sem endurskoðendur voru kosnir með öllum greiddum atkvæðum Jón Helgason og Sveinn Björnsson.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1962 mánudaginn 30 apríl var fundur haldinn í stjórn K.Í. í fundarsal samtakanna.

I Formaður setti fundinn, aðal-tilefni fundarins var að ákveða aðalfundinn. Þá mintist formaður á skemtifund félagsins síðasta vetrardag og tókst hann með ágætum.
Þá mintist hann á að drætti happadrætti félagsins væri lokið og hefði bíllinn lent hjá kaupm. í Vestmannaeyjum h. Jóhann. Ennfremur skýrði formaður frá að þeir hefði verið á fundi með stjórninni, stjórnarmeðlimir í félagi fisksala hér í bæ. Þar sem skiptar voru skoðanir um að þeir gerðust hér meðlimir. Málið var ekki útrætt.

II Formaður stakk uppá að aðalfundur K.Í. yrði haldinn fimmtudaginn 10. maí en til vara næsta mánudag þar á eftir



III Formaður stakk uppá eftirfarandi mönnum í nefndir sem skipaðar yrðu á aðalfundinum:

Verðlagsmálanefnd:
Sveinbj. Árnason
Stefán Sigurðsson
Guðm. Þorgeirsson

Skattamálanefnd:
Haraldur Sveinsson
Pétur Andrésson
Sölvi Ólafsson

Gjaldeyris- og innfl. nefnd:
Björn Guðmundsson
Viggó Sigurðsson
Sverrir Sigurjónsson

Þá mintist formaður lítillega á byggingarsjóð K.Í. og stakk uppá að skipuð yrði þar sérstök nefnd á næsta aðalfundi.

IV Framkv. stj. mintist á auglýsingar í Verzlunartíðindum og mæltist til að félagsmenn keyptu auglýsingar þar, sagðist hann alltaf hafa nokkra erfiðleika með það. Vildi koma þeim í fastara form.

Fleira gerðist ekki var fundi slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mættir voru:
Sig. Magn. Þorleifur Jónsson, Páll Sæm.
Ásgr. Lúðvíksson, Sveinbj. Jónsson
Jón Bjarnason, Björn Guðmundsson, Sv. Snorrason

Björn Guðmundsson.



Árið 1962 miðvikudaginn
16. maí var haldinn:
<u>aðalfundur í K.Í.</u>
samtakanna í Þjóðleikhúskjallaranum.

I Formaður setti fundinn og
tilnefndi sem fundarstjóra
Sig. Óla Ólafsson og fundarritara
Björn Guðmundsson.

II Fundarstjóri gaf síðan formanni
K.Í. orðið og flutti hann mjög
ýtarlega skýrslu yfir starfsemi
samtakanna á síðastliðnu
ári og sýndi hún að mikil
gróska hafði verið í störfum
þess og í mörgum málum mikið
unnið. Skýrslan mun fylgja
hér með í heild.

III Næstur tók til máls Jón Mathiesen
og las upp endurskoðaða reikn-
inga samtakanna, og reyndist
rekstrarafgangur- eða hreinar
tekjur- vera samtals <u>Kr: 13.203.25</u>

IIII Björn Jónsson, minntist á lög húsgagna-
verzlana sem urðu félagar á síðasta
ári og samræmingu á lögum
sérgreinafélaganna í heild, bæði

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvað tilkæmi gjöldum einstak-
linga og atkvæðum þeirra.
Þá mintist B.J. á uppstillinga
lista til Verzlunarbanka Íslands
nýlega. B.J. benti á að Magnús
Brynjólfsson sem var þriðji maður á
listanum væri ekki meðlimur
samtakanna K.Í. þó hann ætti að
vera þar sem okkar fulltrúi. B.J.
tók þó fram að M.J. væri í alla staði
hinn besti maður. Björn Jónsson
benti og á að hugur manna hefði
staðið nær Óskari Norðmann til að
skipa þetta sæti á undirbúnings-
fundi sem hann hefði verið á
í framkvæmdastjórn samtakanna
B.J. taldi að hér í þessu máli
sem öðru yrði lýðræðis hugsjónin
að ráða í okkar samtökum.
Af ~~þes~~ framangreindum ástæðum
kvaðst B.J. ásamt öðrum að
sérstökum lista til Verzlunarbanka

5. Þorvaldur Guðmundsson þakkaði
formanni fyrir skýrsluna
og sérstaklega mikið og árangurs-
ríkt í störf~~inu~~ á árinu sem
leið. Þá mintist hann á atkvæði
innanna sérgreina félaganna



6. Hafliði Jónsson þakkaði stjórninni
fyrir vel unnin störf á árinu
og mintist sérstaklega á verðlags-
málin og taldi þar vera við
mjög erfiðar aðstæður að eiga
þar sem verðlagsnefndin væri
en hún er skipuð mönnum
sem mjög takmarkaða innsýn
hefur á störfum kaupmanna-
yfirleitt. Þá mintist H.J. og
á söluturnamálin og framgang
þeirra og vonaðist eftir sem
skjótustu lausn á þeim.

7. Sigurliði Kristjánsson, þakkaði
störf stjórnarinnar á liðna árinu
og kvað það góðan framgang á
því sem gert hefði verið á
undanförnum árum.
Þá mintist S.K. að í prófkosningu
fyrir stjórn Verzlunarbankans
hefði Óskar Norðmann verið
kosinn sem þriðji maður á
listanum og þá að sjálfsögðu
sem fulltrúi Kaupmanna-
samtakanna, en þetta hefði
verið síðar fellt af stjórn samtak-
anna. Þetta kvaðst S.K.
ekki alveg fá skilið. Að sjálfsögðu
hefðu allir fullan rétt til að stinga

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppá ýmsum mönnum til
þessa starfa. S.K. sagði að sér
fyndist eðlilegra að stjórn
Verzlunarbanka Íslands skipuðu
5 menn í stað þriggja eins og
nú er. Allir aðrir bankar hefðu
fimm manna stjórn.
S.K. skoraði að lokum á stjórn
samtakanna að beita sér fyrir
5 manna stjórn í bankanum
næsta ár.

8 Edvard Frímann mintist á
breytingu á lokun búða og
óskaði eftir að sem fyrst og
kæmist á það fast form.
Ennfremur að skrifstofan reyndi
að þjónusta við sérgreina
félögin gæti ávallt verið sem
best. Þá mintist E.F. á að
hann væri mjög hlyntur merki
til handa samtökunum.

9 Stefán Sigurðsson ~~[illegible]~~ þakkaði störf
stjórnar á liðnu ári.
Þá benti hann því til stjórnar
að hún reyndi að stuðla að því
að sem flestir sem enn þá væru
ekki í samtökunum gengju
sem fyrst í þau.



Þá mintist S.G. á Magnús Brynjólfsson
og benti því til stjórnar að
hún reyndi að fá M.B. til að
gerast meðlimur okkar samtaka

10 Þorvaldur Guðmundur mintist á
kosningu til Verzlunarbanka
Íslands og taldi Sigurliða Kristjánsson
ekki að öllu leyti hafa farið þar
með rétt mál.

11 Sigurliði K. mælti í móti orðum
Þ.G. og baðum útskrift úr
gömlum fundargerðum.

12 Þorvaldur Guðmundsson, kvað að
í stjórn Verzlunarbankans væru í
dag tveir smásalar, þó annar
þeirra væri ekki í samtökunum

13 Sv. Benediktsson þakkaði stjórninni
fyrir vel unnin störf á ~~síðast~~
síðast liðnu ári og sérstaklega
framkv.stj. Sv. Snorrasyni.
Þá mintist Sv.B. á stjórn
Verzlunarbanka og taldi alveg
óþarfa ~~[illegible]~~ þref vera altaf
um þetta mál.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14 Sigurliði Kristjánsson, sagði að upptök að þessum umræðum kæmu frá frummanni samtakan[na]. S.K. taldi alltaf nauðsynlegt að hafa minnihluta í öllum málum. Vildi að sínu áliti aðeins leiðrétta misskilning. S.K. taldi að Óskar Norðmann væri gleggri fjármálamann en Magnús Brynjólfsson.

15 Hjörtur Hjartarson, kvað sér þætti þetta mjög óheppilegt umræðuefni, bað fundarstjóra að taka þetta mál útaf dagskrá.

16 Sig. Magnússon frumm. sagðist vera ánægður yfir hvað margir hefðu tekið til máls. S.M. mintist ~~sín~~ atkvæðatilhögun í sérgreinafélögunum og kvað þeyr vera leiðið að samþ. að allir ættu í framtíðinni að hafa jafnan atkvæðarétt, hvort sem þeir hefðu stórar litlar eða margar leiðir. Þá mintist hann á kjörið í Verzlunarbankanum. S.M. taldi sig aldrei hafi lagt dóm á sjálfstæðis sefnu Óskars Norðmann



eða neitt því líkt. Taldi hann að þetta væri viðkvæmt mál, og að margir liti alveg trúnaðar mál.
Þá skýrði S.M. nokkuð þekkir kosningu fyrir einu ári til Verzlunarbanka Íslands, og kosninguna á þessu ári.
Kvað sig að sjálfsögðu samþ. að allir hefðu sem fyllstan rétt til að láta sína ósk í ljós.
S.M. kvað „rotation“ regla í þessum kosningu ekki framkvæmlega.
S.M. kvaðst ekki sammála Sigurliða K. um að 5 manna stjórn ætti að vera í Verzlunarbankanum í stað 3 eins og nú er. Taldi hann marga annmarka á því og ekki sambærilega við aðra banka.

17 Fundarstjóri taldi nú áliðið kvölds og vildi enda umræður um þetta mál.

18 Sigurliði K. bað þá aðeins um að segja nokkur orð. Kvað hann rotation aðverðina vera mögulega.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19 Ól. Þorgrímsson bað um að málið væri tekið af dagskrá.

20 Fundarstjóri bar því næst undir atkvæði skýrslu form. og reikninga samtakanna. Var það samþykkt samhljóða.

21 Þá fór fram kosning oddamanns í stjórn samtakanna og var Sigmundur Magnússon kosinn með öllum greiddum atkvæðum. Reynir Sigmundsson var kosinn samhljóða sem hans varamaður.

22 Kosnir voru tveir endurskoðendur og þeir Svavar Pálsson og Hjörtur Jónsson kosnir samhljóða. Til vara voru kosnir Pétur Andrésson, Jónas Gunnarsson.

23 Þá las fundarstjóri upp ályktun um Verzlunarbanka Íslands að honum væri veitt leyfi til að verzla með



útlendan gjaldeyri. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

24 Guðm. Ingeirsson las upp tillögu um verðlagsmál og fylgir hún hér með. Hlífar Jónsson benti á smá breytingu á tillögunni vegna þess að þetta ætti að koma fyrir almennings sjónir. Inn í tillöguna komi: "verzlun varð fyrir beinu tjóni og skerðingu". Tillagan samþykkt með samhljóða atkvæðum með framangreindum breytingum.

25. Haraldur Sveinsson las upp tillögu til skattamála. og fylgir hún hér með. Jónas Guðnason bar fram breytingatillögu um niðurfellingu á síðasta liðnum. Haraldur Sveinsson taldi það ekki nauðsynlegt að sínu áliti. Breytingartillagan var feld. Tillagan var síðan samþykkt með ~~atk.~~ samhljóða atkvæðum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Björn Guðmundsson las upp tillögu um innflutnings- og tollamál.
Sigurður Magnússon kom með innskot í tillöguna ~~eftirfarandi~~:
Tillagan var samþ. með ~~öllum~~ samhljóða atkvæðum og smávægilegum orðabreytingum

27. Sigurður Magnússon þakkaði það traust sem sér var sýnt með að kjósa hann aftur sem oddamann samtakanna og treysti á áframhaldandi samvinnu.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið.

Sig. Óli Ólafsson
fundarstjóri

Björn Guðmundsson
fundarritari



12

Ár 1962, mánudag 21. maí var fundur haldinn í stjórn Kaup

Framkv. stj. setti fundinn og setti fundarritara Björn Guðmundsson.
Næsta mál var að kjósa formann samtakanna og var stungið uppá Sigurði Magnússyni.
Kosningin var skrifleg.
Kosinn var Sigurður Magnússon með 7 atkvæðum auðir seðlar 4
Þá var kosinn varaformaður og hlaut kosningu: Ísleifur Jónsson með 7 atkvæðum. auðir seðlar 3 seðlar
Næst fór fram kosning ritara og var kosinn Björn Guðmundsson með 7 atkvæðum.
Þá var kosinn gjaldkeri og stungið uppá Jón Mathiesen. Þar var hann kosinn með 8 atkvæðum, auðir seðlar 4.

Því næst gaf framkv. stj. formanni ~~og~~ fundarstjórn
þakkaði hann, traustið það sem sér og öðrum framkvæmdastjórn hefði nú verið sýnt.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá fór fram nefndarkosning.

I Ritnefnd: stungið var uppá:
og kosningu hlutu
Hans. Bl. Guðmundsson
Sveinn Snorrason
Jón Bjarnason

II Skattanefnd: stungið var uppá:
Kosningu hlutu:
Sveinn Snorrason
Haraldur Sveinsson

III Launakjaranefnd: stungið var uppá:
Kosningu hlutu:
Sig. Magnússon
Sveinn Snorrason
Ísleifur Jónsson

IIII Verðlagsmálanefnd: stungið var uppá:
Kosningu hlutu

Björn Guðmundsson 9 atkvæði
Pétur Andrésson 9 —"—
Sigurliði Kristjánsson 9 —"—
Þorbjörn Jóhannsson 9 —"—
Edvard Frímannsson 8 —"—

( Þorgrímur Frímannsson 1 )



Páll Sæmundsson ~~sa~~ bað um að upp væru lesnar athugasemdir endurskoðanda við áreikninga, er það hafði fallið niður á síðasta aðalfundi.
Las gjaldkeri upp athugasemdirnar.
Sigurliði Kristjánsson, spurðist fyrir að gefnu tilefni í hverju gjaldkeri Jón Mathíesen hefði sýnt sérstakan dugnað. Því Árið sem sé kom vel út og betur en á fyrri árum.
Til þessu lágu ýmsar orsakir sem framkv.stj. skýrði fyrir fundarmönnum.

Edvard Frímannsson mintist á að samtökin létu búa út umslög fyrir meðlimi.
Var því vísað til stjórnar.

Mættir voru: Ísl. Jón, Sig. Kr.
Páll Sæm. Bj. J. Fr. Bend, Ól. Þor.
Jón Matth. Pétur And. Edv. Frím
Þorv. Guðm. Sig. Mag. Sv. Snorr
Björn Guðmund

Fundi slitið.

Sig. Magnússon

Björn Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13 Ár 1962, þriðjudag 19. júní var haldinn fundur í framkvæmdastjórn og verðlagsnefnd.

Mættir voru S.M. Þ.Sf. E.F. Þ.A. Sv. Sn. Bj. Guðm.

Forföll boðuðu Sigurð. Kr. og J. Matth.

Fyrir var tekið:

Verðlagsmál: Formaður setti fund og skýrði frá þeirri þróun, sem orðið hefur í launamálum að undanförnu. Taldi hann brýna ástæðu til þess að taka nú upp að nýju baráttuna í verðlagsmálunum. Væri brýn ástæða til samstöðu kaupsýslumanna í þessum málum. Spurning væri hvernig taka ætti á þessum málum, þ.e. með kröfum um hækkanir, algert afnám eða afnám að hluta, svipað og í fyrra. Mættir fulltrúar töldu að hagkvæmara væri fyrir alla að leggja höfuðáherzluna á afnám ákvæðanna. Var talið að heppilegast væri að haga framkvæmd þannig að fulltrúar hverrar sérgreinar hæfust þegar handa um öflun skýrslna um það hvar þörfin væri mest, en formanni og framkvæmdastjóra falið að tala við V.Í. og F.Í.S. um samvinnu og hefja viðræður við ráðherra.

Fundi slitið.

Sig. Magnússon / Sveinn Snorrason



14 Ár 1962, ~~þri~~ miðvikudag 27. júní var haldinn fundur í stjórn K.Í. að Klapparstíg 26.

Fyrir var tekið:

1. Sveinn Snorrason ~~rakti~~ skýrði frá samningafundum atvinnurekenda við V.R. um breytingar á kjarasamningum. Rakti Sveinn síðan einstaka liði samningsins og skýrði þá nánar, en samningurinn er í samræmi við aðrar breytingar á kjarasamningum öðrum. Samningurinn var síðan samþykktur.

2. Guðm. Þorgeirsson beindi þeirri fyrirspurn til formanns, um hvort nokkuð hefði gerst í verðlagsmálunum. Upplýsti formaður að hann ásamt framkvæmdastjóra og fulltrúum annarra samtaka hafi þegar haldið í síðustu viku með ráðherra fyrsta fund um þetta efni.

3. Söluturnavandamálið. Formaður lýsti því sem gert hefur verið af hálfu bæjaryfirvalda í máli þessu. Skýrði formaður að viðhorf fulltrúa bæjarins væri að ef takmarka ætti fjölda vörutegunda hjá kvöldsölustöðum, þyrfti að taka upp hverfaskiptingu. Formaður kvaðst telja nokkurn hættu sam-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fara þeirri þróun sem slíkt gæti
haft í för með sér.
Formaður kvaðst telja að unnt
yrði að koma betur til móts við
viðskiptavini verzlananna, að lengja heldur
sölutímann á laugardögum
og t.d. einn dag í viku.
Skýrði form. frá því að mál
þetta hefði að nokkru verið til um-
ræðu og orðið um það nokkur
orðaskak. Kvaðst formaður telja
að rétt væri að fresta afgreiðslu
máls þessa og fá frest til afgreiðslu
á næsta borgarstjórnarfundi,
en tíminn til haustsins annars
notaður til athugunar.
Óskaði formaður álits fundarmanna
um þetta. Komu þeir nokkrar ábendingar
um þetta efni. Guðni Þorgeirsson sagði að
nokkuð skiptar skoðanir um hverfaskiptinguna.
Ákveðið var að fresta máli þessu
til n.k. mánudags.

Uppl. staðfest
Fundi slitið

Sig. Magnússon
Sveinn Snorrason



Árið 1962 Miðvikudaginn 26. júní
var haldinn almennur fundur í
húsi V.R. Vonarstræti 4.

Formaður setti fundinn og sagði
tilefni þessa fundar vera
kaupgjaldsmálin. Bað hann
framkv. stj. Sv. Snorrason að
kynna fundarmönnum hvernig
málin stæðu nú.

Sv. Snorrason rakti því næst þær
breytingar sem orðið hefðu í
landinu almennt í kaupgjalds-
málum. Gert hefði verið ráð
fyrir 4% hækkun í samningum
frá því í fyrra. En nú hafa
öll samtök verzlunarmanna
á samþykkt 9% í stað 4% og
síðast á stjórnarfundi K.Í. var
samþykkt 9% líka í dag.
Skýrði framkv. stj. málin nánar
í einstökum atriðum, samkv.
núgildandi samningi.
Hækkun á að gilda frá 1. júní.
Þær breytingar í einstökum flokkum
sem fram hafa komið gilda
aðallega um skrifstofufólk.
en aðrar falla niður.
Formaður bar því næst upp

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessar tillögur um þakkarir og var þar samþykktar samhljóða.

Upplesið
fundi slitið

Sig. Magnússon. Björn Jónsson.

13 Ár 1962, miðvikudag 4. júlí var fundur í stjórn K.Í. á Klapparstíg 26.
Fyrir var tekið:

1. Lokunartími sölubúða:
Formaður, Sigurður Magnússon, skýrði í stórum dráttum frá viðhorfsyfirlýsingu K.Í. og ábendingar til borgarstjórnar um lausn á málum þessum, og rök fyrir þeim tillögum.

Þá skýrði formaður frá því að hann og Páll Líndal hefðu nú fjallað um þetta erindi á nokkrum fundum. Sér hefði fundist rétt að staldra nokkuð við í sambandi við tillöguna um hverfaopnun. Kvaðst formaður telja að ekki bæri að rasa um ráð fram, en athuga nánar hvort hverfaopnun myndi



ekki verða til þess að lengja almennt vinnutímann í sölubúðum, án þess að það leiddi til hags fyrir verzlunina. Fyrir því taldi formaður að rétt væri að áskilja kaupmönnum heldur rétt til rýmkunar á sölutíma almennt, án þess að skuldbindingar væru gerðar án nægilegrar athugunar.
Las formaður síðan uppkast að bréfi til borgarráðs um þetta efni.

Hendrik Berndsen: Spurðist fyrir um það hvort heimildin til ~~opnunar~~ að halda opnum búðum til kl. 4 væri ekki enn í lögreglusamþykkt. Þessari spurningu var svarað á þann veg að heimildin myndi vera í lögreglusamþykktinni, en samningar við V.R. stæðu í vegi fyrir framkvæmdinni.

Björn Jónsson: Kvöldsölustaðir í október nú s.l.: 104. Þar af mat- og kjötvörur: 5. staðir. Nýlenduvörur: 18 staðir, en 81 aðrir sölustaðir, auk þess eru 9. biðskýli.
Í marz 1958 voru staðir þessir 47
Eitthvað hefur bæzt við af sölu-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stöðum þessum síðan.
Urðu um þetta allmiklar umræður.
Guðni Þorgeirsson sagði að stjórnin í Fél. matvörukaupmanna hefði ekki breytt fyrri afstöðu sinni um þetta og fyrir því teldi hann rétt að heimild væri í samþykktinni fyrir hverfaopnuninni, hvort sem hún verður notuð eða ekki.
Hafliði Jónsson: Eftir upphaflegum reglugerðum um þetta var kvöldsöluleyfi bundið við ákveðnar vörutegundir. Tillögurnar gera ráð fyrir að takmörkunum en það krefst algers aðskilnaðar verzlananna.
Ég tel hverfaskiptingu að ýmsu leyti óhentuga, en heppilegra að búðir væru almennt opnar til klukkan 6 en 10 á mið-vikudögum.
Sigurreiði Kristjánsson: benti á að ómögulegt að fá menn til að vinna á þeim tíma. Hins vegar kvaðst hann telja að unnt væri að fá yfir vetrarmánuðina fólkið til að vinna lengur en nú er, og teldi hann rétt að vinna að því að það væri gert.
Formaður spurði hvort fulltrúar teldu ástæðu til að takmarka



söluna kvöldsölustaða almennt.
Heit fulltrúa, í stjórninni var að ekki væri ástæða til að stytta tímann a.m.k. að K.Í. hefði ekki forgöngu um það.
Formaður bar síðan uppkastið að bréfinu til borgarráðs, og var það síðan samþ. og að málinu væri fylgt í samræmi við þær ályktanir.
Guðni Þorgeirsson, lét þess getið að fyrrverandi formaður F.M. hefði tekið þátt í afgreiðslum núverandi stjórnar F.M. í þessu máli.
Fundi slitið

Sig. Magnússon.- / Sumarliði Svanssson

Mættir: S.M. S.K. E.F. Guðni Þorgeirss. Guðm. Jóns. Bj. Jóns. Ólp. Sölv. Ól. Hafl. Jóns.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16

Árið 1962 miðvikudag 8. okt. var fundur haldinn í stjórn K.Í. á Klapparstíg 26.

Þetta var tekið: Formaður setti fundinn.

1. Inntökubeiðni K.Í. Ísafirði barst. K.Í. undirritast af stjórnarmeðlimum félagsins og var hún samþ. samhljóða.

II. Formaður gaf því næst yfirlit yfir störf K.Í. s.l. sumar.
Meðal annars minntist formaður á skattamálin og samtöl við fjármálaráðherra um málin og væru þau á góðri leið til þings.
Þá talaði hann um lokunartíma sölubúða og breytingar í framtíðinni á þeim. Þessi mál væru unnin í nánu sambandi við borgarstjóra. Tillögur væntanlega bráðlega.
Sv. Snorrason minntist því næst á verðlagsmálin. Tilraunir hafa verið gerðar til að fá öllum verðlagsákvæðum afnumdum og hafa margir fundir verið haldnir um þessi mál við viðkomandi aðilja. Þessi mál hafa verið unnin í samráði við Verzlunarráð Íslands og Félag íslenskra iðnrekenda.



Þá var og rætt um hið nýja aðstöðugjald og reynt að fá það inn í útreikningana.
Ennfremur skýrði Sv. Snorrason frá breytingum þeim sem orðið höfðu á tollabreytingunum á s.l. ári, tók m.a. silkisokka og hvað þetta hefði orðið fyrir kaupmenn. Og voru breytingarnar yfirleitt negatívar fyrir kaupmenn.
Verðlagsskrifstofan hafi aftur á móti lengið sínar skýrslur um málin en þær væru mjög á annan veg en skýrslur K.Í.
Um þessi mál hafa margir fundir verið haldnir við viðkomandi yfirvöld, bæði ríkisstjórn og einstaka ráðherra.
Mikla áherslu lögðu fulltrúar okkar á það um aðstöðugjaldið yrði tekið inn verðlagið.
Síðan þá hefur formaður rætt við fjármálaráðherra um þessi mál og fengið þar þekkar góðar undirtektir.
Þá minntist Sv. Snorrason um verðlag landbúnaðarafurða við 6 manna nefndina en því miður höfðu fulltrúar okkar naumlega að fylgjast með störfum þeirra. Nokkur ... lagfæring fékkst þó á kartöflum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Jónsson spurði um hvert ekki hefði þegar verið gefið loforð um að áheyrnarfulltrúi frá K.Í. fengi að vera á fundum 6 manna nefndarinnar.
Sv. Snorrason sagði að við mættum aðeins koma og skýra málin en ekki fengið að sitja fundina.
Björn Jónsson spurði um söluturnamálin og sagði formaður að Páll Líndal frá borgarstjóra væri nú út að athuga þessi mál.

3. Samningsákvæði um lokunartíma sölubúða í des. á laugardögum:
Nokkrar umræður urðu um málið og var að lokum samþ:
Að stinga uppá eftirfarandi lokunartíma:

| | | |
|---|---|---|
| 8. | des | kl. 6 |
| 15 | " | " 10 |
| 19 | " | " 10 |
| 22 | " | " 12 |

4. Tilnefning tveggja manna í samstarfsnefnd við skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar um staðarval.
Formaður skýrði málið og stakk uppá Sig. Magnússyni og Birni Ófeigssyni.
Edvard spurði af hverju [illegible] B.Ó.



Björn Jónsson stakk uppá Sv. Snorrasyni.
Var síðan gengið til skriflegrar atkvæðagreiðslu um málið.
Kosnir voru:
Björn Ófeigsson 6. atk
Sig. Magnússon 4. –"–
aðrir minna

5 Skipun nefndar til að vinna að breytingu lagaákvæða um farandsölu.
Formaður skýrði málið, og lýsti því að mjög færðist í vöxt að ýmsir aðilar í bænum færu út um land með vörur aðallega iðnaðarmenn með vörur sínar og seldi þær í kauptúnum án þess að greiða þar neina skatta eða skyldur, gætu þeir því selt vörurnar ódýrari en kaupmennirnir á staðnum.
Sv. Snorrason skýrði lög um þessi mál.
Kaupmannafélög úti á landi eru mjög óánægð með þessi mál og leita til K.Í. um aðstoð.
Þessi mál skýrði Sv. Snorrason frekar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Edvard Frímann, kvaðst vera samþ.
skipun nefndar. um málið.
S. Kristjánsson spurði hvort hér væri um
~~[illegible]~~ lægra verðboð að ræða.
Nokkrar þekkar umræður urðu
um málið. M.a. benti Edvard Frímann
á að úrval væri úti um land gæti
aldrei orðið eins mikið og hér í
bænum.
Formaður stakk síðan uppá
4 eftirtöldum mönnum
Sveinn Snorrason, form. nefndar
Sölvi Ólafsson, Keflavík
Einar J. Ólafsson Akranesi
Jón J. Bárðarson Ísafirði
Björn Jónsson v/hönd Siglufjarðar
Samþ. var ~~þetta~~ þessi uppástunga
með öllum greiddum atkvæðum.

Páll Sæmundsson spurði um
breytingu sem nýlega var haldinn í
N.H. um stjórnarkjör og af hverju
stjórn K.Í. hefði ekki verið skipt
frá ~~[illegible]~~ þeirri breytingu áður en
það var samþ. þar.
Sigurður Magnússon, bað um að
um þetta mál, yrði ~~skipt~~ haldinn
sér fundur síðar og þá skipt málið.



Fleira ekki tekið fyrir
og fundi slitið.

Þessir voru mættir á
fundinum:

Sigurður Magnússon
Sigurl. K.
Ólafur Helgason
Björn Jónsson
Edvard Frímann
Lárus Blöndal
Jón Mathiesen
Páll Sæmundsson
Ásgeir Lúðvígsson
Sveinn Snorrason
Björn Guðmundsson

Björn Guðmundsson      Sig. Magnússon

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17

Ár 1962, fimmtudag 18. október
var fundur haldinn í stjórn
K.Í. að Klapparstíg 26.
Fyrir var tekið:

1. Erindi Verzlunarráðs Íslands um
tilnefningu tveggja manna í
stjórn V.Í. samkvæmt nýgerðum
breytingum á lögum Verzlunarráðsins.
Flutti formaður fram tillögu til álykt-
unar í þessu efni. Rökstuddi hann
tillögu sína með nokkrum orðum.
Páll Sæmundsson bar fram fyrirspurn um
hvað átt væri með beinni aðild í 1 mgr.
ályktunarinnar, svo og hvort nokkuð
sé tímabært að samþykkja skipun
manna í stjórn ráðsins fyrr en
ákv. laga V.Í. um tilgang og
markmið hafi verið breytt í samræmi
við það, sem ályktunartillagan
sé nauðsynleg.
Svaraði Sigurður Magnússon fyrir-
spurnum Páls.
Þorvaldur Guðmundsson flutti
stutta ræðu um málið og mælti
með samþykkt~~inni~~ ályktunarinnar
Páll Sæmundsson lagði til, að
máli þessu væri vísað til afgreiðslu
í sérgreinafélögunum og síðan
á fulltrúafundi K.Í.
Björn Jónsson skýrði frá því, að



hann hefði átt tal við formann
stærsta félagsins F.M. Og hefði hann
lýst sig andstæðan ályktun
þessari. Vildi hann að ályktun
þessi yrði tekin til afgreiðslu í félögunum.
Stefán Sigurðsson: mælti með
samþykkt ályktunarinnar.
Sigurliði Kristjánsson tók til máls
rakti nokkuð aðdragandann
að ~~stjórn K.Í.~~ stofnun K.Í. og
eflingu þeirra eftir því, sem
~~[illegible]~~ tímar hafa liðið. Stofnun
K.Í. hafi verið nauðsynleg vegna
þess að V.Í. hafi ekki haldið nógu
vel á hagsmunum Kaupmanna.
Taldi Sigurliði aðild, beina eða
óbeina að V.Í vera til þess
fallna að veikja K.Í. mælti
hann gegn tillögunni.
Þorvaldur Guðmundsson: tók aftur
til máls og ~~andmælti [illegible]~~
mælti eindregið með samþykkt
tillögunnar.
Var síðan gengið til atkvæða
Var fyrst borin fram tillaga
frá Páli Sæmundssyni, um
að erindið yrði fyrst borið
undir sérgreinafélögin og
síðan fulltrúafund.
Var tillagan felld með jöfnum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atkvæðum 5:5. 6 sátu hjá.
Var ályktunartillaga K.F. síðan
borin undir atkvæði og samþ.
með 7:4 atkvæðum, 5 sátu hjá.

2. Önnur mál: Björn Jónsson beindi
því til framkvæmdastjórnar, að hún athuga
hvort ekki væri unnt og tilvinnandi
að gefa út sérstaka símaskrá, þar sem
skráðir væru kaupmenn og verzlanir
sem í samtökunum eru svo og
símar þeirra fyrirtækja sem þessir
menn helzt skipta við, en þ.e.
stórkaupmenn og framleiðslufyrir-
tæki ýmiss konar. Benti hann í
þessu sambandi á að læknar mundu
hafa gefið út svipaða símaskrá.
Að þessu þyrfti ekki að leiða miklum
kostnað, en kostnaðinum við útá-
gáfuna mætti fá upp með
auglýsingum

3. Stefán Sigurðsson beindi þeim til-
mælum til framkvæmdastjórnar að
hún athugaði hvort ekki væri mögu-
leiki á því að söluskattur sá sem
er á mjólkurafurðum, þ.e. smjöri og
ostum sem afgreiddar eru af einu
fyrirtæki þ.e. Osta og smjörsölunni,
væri greiddur á heildsölustiginu eins
og á sér stað með tóbakið, en þó
þannig að álagningin yrði látin



halda sem söluskattinum næmi,
þannig að Osta og smjörsalan
greiddi allan söluskattinn en
þessar vörur kæmu samkv.
reikn. til frádráttar í verzluninni.

4. Sigurliði Kristjánsson beindi
fyrirspurn til framkvæmdastjórnar
um það hvað liði athugunum
á því ~~hvað~~ að aðstöðugjaldið yrði
tekið inn í verðlagið, svo sem rætt
hafði verið um á síðasta fundi.
Sigurður Magnússon þakkaði ábendingar
þær sem fram höfðu komið og hvað
framkvæmdastjórnina mundu
taka þær til athugunar og
svaraði fyrirspurn Sigurliða á þann
veg, að úrslit væru ekki enn þá
komin í þessum málum, en
stöðugt væri haft samband við
viðkomandi ráðherra um mál
þetta, og yrði því haldið áfram
unz lausn fengist.
Þá fór fram kosning eins aðal-
fulltrúa og tveggja varafulltrúa í
stjórn V.R.: Kosinn var
Ísleifur Jónsson sem aðal
fulltrúi, en varafulltrúar:
Björn Guðmunds og
Jón Mathiesen

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira var ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

~~Ályktun sú, er samþykkt var á fundinum er svohljóðandi:~~

Mættir fulltrúar voru:

Sigurður Magnússon
Guðm. Jónsson
Stefán Sigurðsson
Eggert Kristinsson
Leifur Möller
Páll Sæmundsson
Björn Jónsson
Pétur Andrésson
Sigurliði Kristjánsson
Lárus Blöndal
Sig. Ó. Ólafsson
Þorv. Guðmunds.
Jón. I. Bjarnason
Sölvi Ólafsson
Ásgr. Lúðvíksson
Ólafur Helgason.



Ályktun sú er samþykkt var á fundinum er svohljóðandi:

Stjórnarfundur Kaupmannasamtakanna haldinn fimmtudaginn 18. okt. 1962 ályktar eftirfarandi:

Í tilefni erindis Verzlunarráðs Íslands, þar sem óskað er tilnefningar á tveim fulltrúum í stjórn ráðsins samkv. samþykktum aðalfundar þess hinn 4. okt. s.l., sem gerðar voru í þeim tilgangi að koma á nánari samvinnu milli umræddra þriggja félagssamtaka án beinnar aðildar þeirra að Verzlunarráðinu, vísar stjórn Kaupmannasamtakanna máli þessu til næsta aðalfundar til endanlegrar afgreiðslu, en vill fyrir sitt leyti mæla með þeirri skipan ráðsins, sem áðurgreindar lagabreytingar gera ráð fyrir og varða Kaupmannasamtökin.

Jafnframt leggur stjórn K.Í. áherzlu á nauðsyn þess, að gerðar séu breytingar á þeim ákvæðum í lögum Verzlunarráðsins, er kveða á um tilgang þess og markmið, þar eð þau

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eru samin á þeim tíma, þegar ekki voru starfandi sérstök samtök kaupmanna, stórsala og iðnrekenda.
Þar sem aðalfundur K.Í. er ekki tal haldinn fyrr en í Apríl-mánuði n.k., en fyrir liggur að kjósa í stjórn Verzlunarráðsins samkv. hinni nýju lagabreytingu, samþykkir stjórn K.Í. að tilnefna til bráðabirgða tvo fulltrúa í sæti í stjórn ráðsins og gildir sú tilnefning að aðalfundi K.Í. í Aprílmánuði 1963.



Ár 1962 var formannafundur haldinn í skrifstofu K.Í.
Formaður setti fundinn og sérstaklega velkomna á fundinn formenn frá Ísafirði og Siglufirði
Jón Ó. Bárðarson Egill Stefánsson.
Þá sagði formaður að fundurinn væri sérstaklega boðaður vegna bréfs sem komið hefði til K.Í. frá þeim Páli Sæmundssyni Birni Jónssyni og Sigurliða Kristjánssyni þar sem þeir krefjast að kallaður verði saman fulltrúaráðsfundur K.Í. útaf breytingum á lögum Verzlunarráðs Íslands.
En þar er ~~það~~ gert ráð fyrir að K.Í. tilnefni 2 menn í stjórn V.Í. og 2 til vara og er ætlast til að það séu formaður og varaformaður og svo aðrir í framkv. stjórn til vara.
Allt þetta mál skýrði svo formaður nánar las upp bréf sem farið hefði milli V.Í. og K.Í. Ennfremur að sjálfsögðu las hann upp bréfið frá Spurningunum P.S. B.J. og S.K. Þá skýrði hann lögin: K.Í. í sambandi við þessi mál. og hvernig bregðast skyldi við álíkum tilmælum sem bréf þremenninganna fer fram á, og skoðun framkvæmdastjórn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á þessu máli. Í sambandi
við þetta lagði svo formaður fram
tillögu um þessi mál og er hún
hér með fylgjandi.
Ólafur Þorgrímsson spurði hvort K. Í. væri að
taka á sig nokkrar skyldur í sambandi
við þetta.
Formaður kvað að hér væri aðeins
stefnt að nánara samstarfi milli V. Í.
Félags ísl. iðnrekenda.
Páll Sæmundsson, skýrði frá því að
Félag ísl. stórkaupm. hefði á s.l. ári ætlað
að segja sig úr V. Í. og taldi ~~sig~~ að
betra væri að fresta að ~~að~~ K. Í. gengi í
V. Í.
Guðni Þorgeirsson ræddi nokkuð tilgang
stofnun K. Í. og vitnaði í blað K. Í.
(frá 1960) grein eftir Jón Helgason þar
sem smásalar hefðu ekki komið
fram sínum málum í V. Í. hefði alveg
verið nauðsynlegt að stofna sér
skrifstofu fyrir smásala voru það
fyrst Félag Matvörukaupm. og Félag
Vefnaðarvörukaupmanna
Efaðist hvort nauðsynlegt væri að
K. Í. gengi í V. Í. nú þegar.
Formaður skýrði þetta mál nokkuð
tók skýrt fram að hann áliti að hér
væri ekki um neina afsöl K. Í. að ræða.



Edvard Frímann kvaðs álíta að fundar-
menn hefðu átt að hafa meiri tíma
til umhugsunar um þessi mál.
Ólafur Þorgrímsson kvað hafa fylgst með
þessum málum frá byrjun og kvaðs
álíta K. Í. þegar stæði svo sterka að
K. Í. gæti óhræddir gengið til sam-
starfs við V. Í. og F. Í. Hann sagði að
þróunin í þessum málum gæti ekki
alveg verið tekin alvarlega.
Páll Sæmundsson benti á að í ~~að~~
væntanlegri kominni stjórn V. Í. væri aðeins 2
smásalar af 8 mönnum sem þar
ætti að kjósa.
Þá skýrði formaður nokkuð lög
V. Í. og stofnun og tilgang þess
las upp nokkrar greinar úr lögum
V. Í. Þá gerði hann þá fyrirspurn til
Páls Sæmundssonar hvort hann áliti
við værum að afsala einhverju ~~um~~
í að ganga í V. Í. samkv. þessum
lögum.
Páll Sæmundsson áleit að betra
væri að vera fyrir utan V. Í. þangað
til leið væri að breyta lögum V. Í.
Stefán Sigurðsson, sagðist ekki
skilja þessa hræðslu við að ganga
til samstarfs við V. Í. og leiddi ýms rök
að því að þar.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Edvard Frímann; las upp greinar úr breytingu í V. F. sem væntanlega yrði gerðar.
Formaður skýrði tildr tildrög að breytingum á V. F. og af hverju ~~að~~ meðlimir K. F. hefðu ekki verið látnir fylgjast með, ~~[illegible]~~ skýrði hann breytingar á lögum V. F. og tillögur Ámunn Snæfjörð og athugasemdir hans um málið.
Olafur Þorgrímur sagðist ekki sjá neina hættu í að ganga til samstarf við V. F.
Viggó Sigurðsson spurði um væntanleg hlutföll í stjórn V. F.
Formaður skýrði það er það á vera ~~vera~~ 18 manna stjórn væntanlega í V. F.
Edvard Frímann talaði um að fresta málinu.
Páll Sæmundsson sagðist álíta að fulltrúar K. í stjórn ~~[illegible]~~ V. F. væri ekki löglega kosnir
Formaður las síðan upp Stjórnafunda tillögu í byrjun fundar
Var ~~[illegible]~~ tillagan síðan samþykkt með 10 atkvæðum móti 2 atk.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sig. Magnússon / Bjarnþórsson



Mættir voru á fundinum:
Ísleifur Jónsson
Stefán Sigurðsson
Olafur Þorgrímsson
Olafur Helgason
Páll Sæmundsson
Sölvi Olafsson
Edvard Frímann
Viggó Sigurðsson
Stefán
Egill Stefánsson, Siglufirði.
Jón Ó. Bergsson
Björn Kristiksson
Jón Matthiesen
Jón F. Björnsson
Sig. Magnússon
Lárus Blöndal
Guðni Þorgeirsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18 Ár 1962, miðvikudag 28. nóvember var fundur haldinn í stjórn K.Í. að Klapparstíg 26

Fyrir var tekið:

Formaður setti fundinn.

1. Verðlagsmál: Formaður skýrði frá því að eftir marga fundi bæði við verðlagsyfirvöld og ráðherra ~~[illegible]~~ hefði nú unnist að ~~[illegible]~~ samræma álagningu í öllum vöruflokkum sem frjálsir eru gefnir og tolli breytt á.
2. Aðstöðugjald: unnið er markvisst að það fáist tekið með í umreikningi vara. En ekki er það alveg samþ. ennþá.
3. Lokunartími sölubúða í des: Formaður skýrði frá að opnun 1. des. eftir hádegi kæmi ekki til greina. Lokunartími í des. verður því sem hér segir: 8. des. Kl. 6
   15 " " 10
   19 " " 10
   22 " " 12

Tilraunir voru gerð af hálfu stjórnar K.Í. við stjórn V.R. til breytinga á ofan (?) fékkst alls ekki.



[illegible]: minntist á samræmingu á kaupi aukafólks í des. hjá félagsmönnum K.Í.

4. Tillaga að samþykkt um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík og fl. í framtíðinni:
Formaður skýrði frá því að hann ásamt Páli Líndal af hálfu borgarstjórnar Rvíkur hefðu í sumar unnið að reglugerð um opnunartíma söluturna og matvöruverzlana og annarra verzlana í framtíðinni í áframhaldi af samþ. K.Í. á s.l. vetri.
Reglugerð þessi var nú lögð fram á fundinum. Ein stærsta breytingin er sú að nú er lagt til að allar kvöldsölur loki kl. 10 í stað kl. 11½ áður.
Ennfremur heimild til handa K.Í. að vissar búðir í ákveðnum hverfum borgarinnar hefðu opið einn dag í viku eða eftir nánara samkomulagi við kaupmenn.
Formaður benti á að ef þessar breytingar yrðu samþykktar myndu þær fljótt og fremst skerða að nokkru leyti rekstur söluturna.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Þorvaldur Guðmundsson, skýrði frá því að óskir ~~frá~~ kjötkaupmanna stæðu til þess að laugardaga yrði opið kl. 1 allt árið og föstudaga til kl. 7

6. ~~[illegible]~~ Sigurliði Kristjánsson benti á að þessi heimild frá borgarráði leysti ekki málið hvað snerti V.R. og samkomulag við það. Staðfesti formaður það.

7. Björn Jónsson, benti á að hann efaðist um að samkomulag næðist við V.R um opnunartíma á föstudögum á sumrin.

8. Samþykkt var að lokum að senda öllum sérgreinafélögunum tillögurnar til umsagnar áður en frekar væri aðgert í málinu

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

Mættir voru: Sig. M. Sigurl. K. Jón B. Þorv. G. Lúðv. Bl. Edvard Fr. Björn J. Reynir E. Guðm. J. Björn G. Ásgr. L. Hafliði Gunnl. Pétur Kr. Hafst. Þ. Gl. J. Ól. Bergs.

Sig. Magnússon. – Björn Jónsson



19 Ár 1963, þriðjudag 29. janúar kl. 1400 var haldinn í skrifstofu K.Í.

Fyrir var tekið:

1) ~~Krafa V.R. og L.Í.V. um hækkun~~
Sveinn Snorrason skýrði frá því helzta sem samtökin hafa látið til sín taka

a) Lokunarmálin: Sveinn gat funda sem haldnir hafa verið í félögunum að undanförnu.

b) Verðlagsmálin. Sveinn gat þeirrar leiðréttingar sem gerð var á verðlagsákvæðum í desembermánuði.

c) Innflutningsmálin, og glóbalkvótinn

d) Ritstjórn Verzlunartíðindanna.

2. Krafa V.R. og L.Í.V. um 5% hækkun á laun verzlunarmanna. Sveinn Snorrason skýrði frá því að L.Í.V. og V.R hefðu gert kröfu til þess að viðsemjendur þeirra hækki kaup frá 1. febrúar n.k. um 5%. Rakti Sveinn síðan hver þróun og hverjir samningar hafa verið gerðir að undanförnu. Æskist L.Í.V. og V.R, til að samningar verði lausir áfram þó að hækkun yrði. Björgvin Jónsson benti á það að að róli vinnuveitenda fyrir meðmælum með samþykkt sinni væri það að verkamanna kaup [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verzlunarmanna hafi á s.l. sumri hækkað hlutfallslega minna en annara
Þorvaldur Guðmundsson benti á að í raun og veru væru um tvennskonar samninga verzlunarmanna að ræða. Annars vegar heildarsamninga og hins vegar samninga einstakra atvinnurekenda við einstaka starfsmenn. Benti hann á dæmi þess, að atvinnuveitandi hafi í síðustu viku gert samning við starfsmann um hækkun launa. Er rétt að þessi 5% hækkun komi einnig á allt kaup þessa manns.
Sigurliði benti á að rétt væri að samræma tillögur á því hvernig framkvæmd skuli hækkunin, þ.e. hvort hún eigi eingöngu að greiða á taxtann eða allt kaup. Hann benti á að starfsmannakaup væri almennt ekki greitt hærra en taxtinn segir til um. Þessu væri ekki til að dreifa hjá öllum, því að yfirleitt væri um mjög miklar yfirborganir að ræða. Spurðist hann fyrir um það hvort fulltrúar okkar í launanefnd hefðu



lagt nægilega ríka áherslu á yfirborganirnar.
Ísleifur gerði grein fyrir tillögum á þessu atriði.
Þorvaldur Guðmundsson tók undir orð Sigurliða og taldi brýna nauðsyn á því að samræmdar væru tillögur manna á því hvernig framkvæma beri hækkunina.
Eðvarð Tímannsson, beindi fyrirspurn um það, hvort ekki væri tímabært að taka í samninga ákvæði um kaup hálfsdagsfólks ennfremur hvort ekki væri rétt að bera drögin VR og LÍV undir almenna félagsfundi.
Sigurliði lagði eindregið til að mál þetta væri afgreitt á þessum fundi.

Var þá borin undir atkvæði tillaga um samþykkt á tilmælum V.R. og L.Í.V. um hækkun launa um 5% frá 1. febrúar, enda verði fulltrúum K.Í. falið að hafa samráð við aðra atvinnurekendur um samræmingu á ~~tillögum~~ framkvæmd hækkunarinnar.
Var tillagan samþykkt með öllum atkvæðum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að lokum urðu nokkrar umræður um væntanlega tollskrá.

Fleira ekki fyrir.

Páll Jóhannesson
Jón G. Bjarnason
Pétur Guðlaugsson
Ólafur Jónsson
Sigurður Ó. Ólafsson
Sölvi Ólafsson



Árið 1963 þriðjudaginn 19. febr. var haldinn fundur í skrifstofu K.Í.

Fyrir var tekið:

1. Formaður setti fundinn og skýrði frá hvað gerst hefði í framvegis um lokunartíma sölubúða og hefðu þeir Sv. Snorrason aðallega um það fjallað. Lagði hann fram tillögur um þessi mál og skýrði ~~[illegible]~~ hana.
2. Jón Bjarnason spurði hvort þetta væri tillaga frá framkv.stjórn; ef svo væri þá vildi hann mótmæla þessari málsmeðferð og lagði fram nýja tillögu eftir fund.
3. Sv. Snorrason skýrði frá hvað sérgreinafélögin hefðu þegar gert í þessum málum og hvað þau flest falla í sama form og tillaga framkv.stjórnar.
   Álit félags kjötverzlana voru mjög ótvíræð og félag söluturnaeigenda var alveg móti þessum tillögum.
4. Formaður kvaðst ekki geta fallist á tillögu Jóns Bjarnasonar í sambandi við fulltrúa utan af landi og tillögur frá þeim.
5. Jón Bjarnason las þá upp bréf sem félag söluturnaeigenda hafði sent K.Í.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Jóns Björnssonar var feld með 6 atkvæðum gegn 1.
Þá las Jón Björnsson langt bréf til borgarstjóra um lokunartíma sölubúða sem félag söluturnaeigenda hefði sent honum. Þar sem þeir lögðu rök og skýringar við mótmælum sínum við þessu frumvarpi.

6. Sigurður Magnússon tók það sérstaklega fram, að tillagan um neyzlubannið væri ekki í lokunartillögunum, heldur sem breytingartillögur við heilbrigðissamþykkt. Þá benti formaður á að umsagnir væru með tvennum hætti. annars vegar svar til K.Í. og hins vegar til borgarráðs.

7. Hafliði Jónsson, skýrði frá fundum og fundarsamþykktum í félagi söluturnaeigenda um frumvarpið. Ennfremur að þeir hefðu farið á fund borgarstjóra og skýrt málið fyrir honum ennfremur hefðu þeir fengið sér lögfræðing til aðstoðar í þessu máli og að frá þeim í þessu máli og ennfremur umsagnir fleiri.

8. Jón Björnsson skýrði frá því að félag söluturnaeigenda hefði fengið Guðmund Ásgeirsson lögfræðing til aðstoðar en ekki farið fram á nein bönn og undirbúið málið mikið.



9. Sigurliði Kristjánsson, taldi alla málsmeðferð þessa máls hefði verið ranglega með farið. Vitnaði hann í bréf frá 6. febr. '62 þar sem talið er upp vörutegundir sem kvöldsölustaðir megi hafa og hvað langan tíma mætti vera opið. S.K. áleit að hefði verið farið eftir bréfinu þá væri þessi mál mikið betur sett nú

10. S. formaður kvað þetta hefði ekki verið svo einfalt eins og S.K. áliti borgaráðsmenn bentu stjórn K.Í. á ýmsa agnúa, sem búa yrði áður en þessi mál yrðu afgreidd.

11. Edvard Frímannsson benti á ~~2~~ 2. lið í annari grein og ~~ósk~~ vankanta á henni og um lokunartíma. lagði til að yrði kl. 19

12. S. Kristjánsson, kvað nauðsynlegt að stöðva hina miklu fjölgun á kvöldsölum

13. Hafliði Jónsson taldi söluturnaeigendur tilbúna til samkomulags, en á öðrum grundvelli heldur en þetta frumvarp gerir ráð fyrir.
Hann lagði til að vísa málinu frá og taka það upp að nýju með nýjum fulltrúum

14. Ólafur Jónsson, benti á að lokunartíma söluturna og búða og á kvaði um það ætti ekki

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórn K.Í. og vildi að söluturnar
hefðu áfram sama tíma um
opnun og lokun og verið hefði verið.
Þetta væri ekki mál kaupmanna.

15. Formaður kvað þetta hefði viss
stéttarleg sjónarmið. Talaði hann
því sérstaklega um Félag matvöru
kaupmanna. Þá fór hann nokkrum
orðum um tillögu þá sem borin
lögð var fram í fyrstu á fundinum.

16. S.K. taldi að eins og fram væri
lagi fyrir myndi félögum K.Í.
reynast mjög erfitt, og kaupgreiðsla
yrði sú sama sem tíminn þyldi kaup-
hækkun.

17. Ólafur Þorgrímsson lagði til að lokunar
tími söluturna yrði óbreyttur.

18. Björn Jónsson, taldi allar breytingar á
tillögum frá 6. febr. '62 væri aðeins
til skaða. B.J. taldi söluturna greiða
tímakaup í mörgum tilfellum.

19. Jón Bjarnason, sagðist vera búinn að
athuga með kaupgreiðslur í söluturnum
og myndu þau haldast óbreytt.

20. S.K. kvaðst álíta ekki okkar mál
að ákveða lokunartíma söluturna.

23. Ólafur Þorgrímsson lagði til að lokunartíminn
yrði í söluturnum yrði sá sami, var það
samþykkt með 5 gegn 3.



24. Edvard Frímannsson lagði til að lokunar
tími á föstudögum yrði til kl. 19.
og var það samþykkt með lófatak.
Þá las formaður upp tillögu þá
sem í fyrstu lá fyrir fundinum
frá framkvæmdastjórn.
var hún samþ. með yfirgnæfandi
meirihluta og samþ. að senda
borgarráði þessa ályktun
samkv. framangreindu.
Þá las formaður upp tillögu sem
hefði komið frá heilbrigðissamþykkta-
nefnd var hún samþykkt samhljóða.

25. Formaður minntist næst á fyrir
hugað tollskrár frumvarp sem
nú væri í deiglunni í Alþingi og
mjög bráðlega afgreitt þar.
Skipti formaður þetta mál
nokkuð.

26. Sv. Snorrason, sagðist hafa síðan
í sl. haust fylgst með þeim
breytingum sem gera ætti á toll-
skránni og hefði hann haft
samstarf við formenn sérgreina
félaganna og hefðu þeir lagt
fram ýmsar ábendingar til
nefndar þeirra sem um þessi
mál fjallar og hefði Sv. Snorrason
sent það til Iðnaðarmálaráð Íslands og
Félag ísl. stórkaupmanna

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lögð var m.a. áherzla á lækkun á
tollum á öllum sekkstrarvörum svo
pappírspokar plastslöngur og fl.
Þá mintist Sv. Snorrason á sendi-
bíla og ef til vill lækkun á tolli á
þeim, væri það mjög bagalegt.
Hugsanlegt væri ef til vill einhverjar
kvaðir á þessu máli.
Tillögur gerðu þeir um kæliskápa
og ísskápa, var sérstaklega talað um
kæliskápa til verzlana enfremur
peningaskápar og peningakassar
eins og önnur sekkstrarvörur yrði
tollur lækkaður.
Þá var minst á ávexti og fl. matvörur.
27. Edvard Frímann mintist á verðráð
vörum og þær breytingar sem þar
væru áætlaðar, enfremur þá leynd sem
yfir þessu hefur verið þar sem hér
væri um nokkra lækkun að ræða.

Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið
Sigurliði Kr. Jón Björnsson, Hafliði Jónsson
Björn Jónsson, Ólafur Þorsteinsson, Pétur Andrésson
Edvard Frímann, Sölvi Ólafsson, Guðni Þorgeirsson
~~[illegible]~~ [illegible]

Bj. Ólafsson [illegible]



21

Árið 1963 Mánudaginn
18. marz var haldinn í skrifstofu
K.Í.

1. Formaður setti fundinn og
tók fyrir fyrsta málið sem
fyrir lá og skýrði það, en það
var ráðning á manni til að
annast ritstjórn Verzlunartíðinda
og annað það sem blaðinu varðar
enfremur að vera Sv. Snorrasyni
til hjálpar á skrifstofunni.
Formaður sagði að framkv. stjórn
hefði komið til hugar að stinga
uppá Jóni Björnsyni stjórnmeðlimi
í K.Í. hefði hann og talað laus-
lega við Jón sem [illegible] kvaðst
fús til starfsins.

2. Edvard Frímann stakk uppá að
þetta starf yrði auglýst í dag-
blöðunum [illegible], athugaðir
yrðu viðskiptafræðingar m.a.

3. Sigurliði Kristjánsson, kvaðst álíta
[illegible] óheppilegt að ráða
mann úr samtökunum (einn
sérgrein sölutorgnar) án þess að
hafa neitt persónulegt á móti
manninum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Sigurliði K. sagðist styðja að starfið yrði auglýst.

5. Samþykkt var að auglýsa starfið.

6. Ráðstöfun á hlutabréf í Verzlunarb. Íslands h.f., var næst tekið fyrir og las formaður upp bréf frá Verzlunarbankanum þar að lútandi. Beiðni frá Sig. Fjelsted um kaup á bréfinu hafði komið fram. Samþykkt var að Kaupmanna-samtökin keypti sjálf inn bréfið.

7. Formaður skýrði frá á hvaða stigi tollskrármálið væri nú. Væri ætlunin að málið yrði afgreidd í gegnum þingið fyrir páska. Formaður sagði ennfremur að stjórnin hefði unnið markvist að því að fá lækkun á öllum rekstrarvörum og nefndi því t.d. sendiferðabíla, pappír, pappírspokar, kæliborð, búðarkassar og fl. Stæðu vonir til að verulega lækkun fengist á öllum þessum liðum.



8. Formaður mintist á að nokkrir menn hefðu komið að máli við sig hvort ekki væri hægt að koma á stað hópferð meðal félagsmanna til Norðurlandi. Framkv.stj. So.S. hefur þegar lauslega athugað málið. og sagði hann að miðað við vikuferð væri kostn. áætlaður ca Kr. 8.000.00 hótel og morgunverður innifalið.
Var samþykkt að halda málinu áfram.
Þá sagði formaður að framkv.stjórnin hefði ákveðið að halda skemtifagnað síðasta vetrardag eins og í fyrra.

9. Formaður mintist á nefnd í sambandi við Verzlunarráð Íslands og hin nýju lög þess og er ætlunin að nefndin hafi lokið störfum fyrir næsta aðalfund.

Fleira gerðist og var fundi slitið.

Mættir voru: Pál. Jónss, Sigurl. Kr. Páll Jóhannesson, Ól. Þorgrímss. Einar Ólafsson Akranesi, Elías Guðjónsson Akranesi, Sig. Magnússon, Ásgrímur Sauðárkr., Björn ...

Sig. Magnússon
Björnsdóttir

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22

Árið 1963 Miðvikudaginn
3. apríl var fundur haldinn í
skrifstofu samtakana Klapparstíg.

1. Formaður setti fundinn og
tók fyrir fyrsta málið á dagskrá
Aðalfundar K.Í. hvenær halda skuli:
Stakk formaður uppá miðvikud.
8. maí og var það samþykkt.

2. Þá mintist formaður á tilkomandi
aðalfund Verzlunarbanka Íslands
næstkomandi laugardag og til
nefningu á þriðja varamanni í
stjórn bankans. Sagði formaður
að o í viðræðum við formenn
V.Í. og félag ísl. stórkaupm. komu
til umræðu þeir Othar Ellingsen
Björn Ófeigsson og Haraldur Sveinsson.

3. Sigurliði Kr. spurði hvað langan tíma
þyrfti til að koma fram með lagabr.
í Verzlunarbanka Íslands. S.K. benti á
að hann ~~[illegible]~~ vildi að breytt yrði
lögum bankans um fjölda banka-
ráðsmönnum í 5 í stað þriggja nú.
Fundurinn í dag er haldinn of seint
meinti S.Kr. í sambandi við
lagabreytingu



4. Samþ. var með 5 atkvæðum að styðja
Kjör Haraldar Sveinssonar. Björn Ófeigsson
fekk 4 atkvæði.

5. Sigurliði Kr. lagði til að fyrir
næsta aðalfund – næsta ár –
yrði lögð fram breytingartillaga
um að fjölga bankaráðsmönnum
uppí 5 menn, því sem fyrir-
varinn væri orðinn of stuttur nú.
fyrir þennan fund.

6. Formaður tilkynnti því næst að einn
hlutur í Verzlunarbankanum væri nú
laus, og væru þegar komnir tveir
menn sem vildu gjarnar kaupa
hlutinn, ef til vill væru fleiri um
boðið. Formaður stakk uppá að
fresta málinu.

7. Þá skýrði formaður frá því að
umsóknir um starf hjá K.Í. hefði
borist frá 4 aðilum og eru þeir
Bragi Kristjónsson, Baldur Hólmgeirsson
Jón L. Bjarnason, Haraldur Teitsson
Eftir að stjórnin hefur nákvæmlega
athugað umsækjendurna gerir hún
það að tillögu sinni að Jón Bjarnason
verði ráðinn í starfið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. S. Kristjánsson, sagðist fyrir hönd síns félags, félags Matvörukaupmanna mótmæla ~~hans~~ ráðningu Jóns E. Bjarnasonar og sagði hann að formaður síns félags væri á sama máli.

9. Björn Jónsson, kvaðst einnig ekki geta fyrir sitt leyti samþykkt ráðningu Jóns E. Bjarnasonar sérstaklega í sambandi við afskipti J.E. í söluturnamálunum.

10. Edv. Frímannsson bað um að skýra umsóknir umsækjendanna og ~~gaf~~ ~~tal~~ formaður skýringar á öllum umsækjendunum.

11. Edv. Frímannsson, minntist á að í framtíðinni yrði mjög nauðsynlegt að ~~haf~~ fá hæfan mann til að vinna að normtölum og áliti hann að þar væri hagfræðingur heppilegastur.

12. Formaður kvað það hefði verið ætlun stjórnar að fá mann sem gæti unnið öll þau störf sem fyrir kæmi á skrifstofu K.Í.

13. Þorvaldur Guðm. kvaðst ekki skilja af hverju maður úr samtökum



K.Í. gæti ekki verið vel frambærilegur í starf á skrifstofunni ef ekki væri einhverjir sérstakir gallar ~~að~~ á honum að finna. Mælti hann sérstaklega með Jóni Bjarnasyni. Tók Hafliði Jónsson undir hans orð.

14. Sigurliði Kr. kvaðst vera á annari skoðun með Jón Bjarnason og flytja skoðun síns formanns Jóns að lútandi. Sagði S.K. að J.B. hefði ekki traust félags Matvörukaupmanna. Sagðist S.K. ekki vera að skíta neitt aðra út í þessu sambandi.

15. Hafliði Jónsson, talaði um deilur sem uppi voru um söluturna, taldi H.J. að ekki bæri að bendla J.E. eingöngu við það. Tók formaður undir þau orð H.J.

16. Samþykkt var með 7 atkvæðum gegn 2 að ráða Jón Bjarnason til starfa hjá K.Í.

17. Edv. Frímannsson spurði hvort ~~ekki~~ ~~sk~~ skrifstofa K.Í. gæti aðstoðað félaga sína við að ráða fólk og athuga

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kaupgreiðslur til starfsmanna
í því sambandi.
Sagðist Þ. Guðm. hafa heyrt að
Sláturfélag Suðurlands væri að
endurskoða allar sínar Kaup-
greiðslur.

Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið.

Mættir voru: Sigurl. Kristjánss.
Ásgr. Lúðvíksson, Peter Andersen
Lárus Blöndal. Edv. Frímann Björn
Jónsson, Hafliði Jónsson, Ísleifur
Jónsson Sig. Magnússon, Björn
Guðmundsson

Sig. Magnússon · Björn Guðmundsson
ritari



Aðalfundur Kaupmanna
Samtakanna var haldinn
miðvikudaginn 8. maí í
Slysavarnahúsinu við
Grandagarð.

1. Formaður skipaði fundarstjóra
Sigurð Óla Ólafsson sem
fundarstjóra og Ragnar Eyjólfsson
fundarritara og voru þeir samþykktir

2 Þá flutti formaður Kaupmannasamtaka
Íslands skýrslu stjórnarinnar
Skýrslan var mjög ítarleg.
formaður kom víða við
og verður hún færð í fundargerð
er fundinum er lokið

3. Næst flutti framkvæmdastjóri
Sveinn Snorrason skýrslu sína
og gat þess að 12 bókaðir
fundir hafi verið haldnir á
árinu.
Stjórn K.Í. beitti sér fyrir
stofnun Kaupmannafélags.
Ísafjarðar.
einng gat hann þess að
Kaupmenn í Vestmanna-
eyjum hefðu mikinn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áhuga á að ganga í
Kaupmannasamtökin.
Þá gat hann þess að
Jón Helgason ritstjóri
blaðs K. Í. hafi sagt
starfi sínu lausu
og þakkaði hann honum
frábært samstarf.
að öðru leiti verð skýrsla
hans færð í fundargerð
er fundi er lokið

IIII. Jónas Gunnarsson þakkaði
formanni og framkvæmdastjór.
skýrslur þeirra
taldi hann að lokkun á
kaliborðinu væri okkur ekki
til hagsbóta
einnig taldi hann að kaupm.
hafi ekki fengið þá kaup-
hækkanir bættar eins og
nauðsynlegt sé.
einnig taldi hann mikið
ósamræmi sé vegna
hins misjafna lokunartíma
sölubúða.
Jónas Gunnarsson gerði þá
fyrirspurn til formanns



hverjar breytingar hafi orðið.
á frumvarpi um lokunartíma
frá því að félag söluturnaeigenda
og félag matvörukaupmanna
deyndu að semja um málið.

IIIII Hafliði Jónsson tók næstur
til máls og gerði grein
fyrir afstöðu síns félags.
Söluturnaeigenda
einnig gerði hann þá fyrirspurn
hversvegna ekki hafi
verið hægt að koma fleiri
en tveim fulltr. í nefnd
þá er fjallaði um málið
við borgarstjórn.
lýsti hann óánægju sinni
yfir því að ekki hafi fleiri
fengið að fjalla um þessi
mál og skoraði til
umsagnar söluturnaeigenda
til borgarstjórnar Reykjavíkur
einnig var hann mjög óánægður
með að banna eigi neyslu
í kvöldsölunni og taldi
að hefð sé komin á að
fólk neyti þess á staðnum
sem það hefir keypt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á staðnum, að lokum
óskað hann að málið
leysist fljótlega

7. Stefán Sigurðsson tók
til máls og taldi að
verðlagsmálin sem þau
mál sem nauðsynlegt
se að leysa sem fyrst.
enn benti hann fundarm.
á að Sölutumarnir selji
þær vörur svo til engöngu
sem mest sé álagning á
en nú hafi bæjarstjórn
í Hafnarfirði ákveðið
hverjar vörur þeir megi
selja.
hann þakkaði formanni
og framkvæmdastjóra
gott starf.

8 Hafliði Jónsson tók aftur
til máls
sagði eftir verðlagsstjóra
að ef verkamenn fái
kauphækkun þá taki
kaupmenn taki það
aftur í hækkaðri álagningu



9. Sveinn Snorrason svaraði Jónasi
Gunnarssyni og skýrði þær breytingar
sem hafi orðið á tildrögum
um lokunartíma Sölubúða.

10 Sig. Magnússon svarað því er fram
hefði komið í ræðum fundarmanna
hann benti Hf. á að venjuleg
aðferð hafi verið við undir-
búnings málsins.
Sig. Magnússon benti fundarm.
á að Sölutumamálið, staði
þannig að beðið sé eftir
umsögn og ráðum við
Verzlunarmannaf. Reykjavíkur.
Þá gat hann þess að engin
hafi komið til tals um
Kaup á hverjum tíma söl-
turnsins en ekki Lokunartíma.

11. Kristinn Sigurðsson Hf.
taldi að það sé í verkahring
K.Í. að athuga um sölu-
bíla þá er sem farnir að
selja matvöru eftir lokunar-
tíma sölubúða

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Guðni Þorgeirsson lagði fram tilmæli frá Félagi matvörukaupmanna í Reykjavík, um þar verða gerðar hér í ~~fundarsamþykkt~~ á eftir fundinum.

13 Jón Mathiesen gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins og varð rekstrarhalli 10.707.43 Gjaldkeri gat þess að endurskoðendur hafi ekki endurskoðað reikninga en þeir geri það fyrir framhaldsaðalfund.

14. Sveinn Snorrason skýrði reikninga að öðru leyti gerði í grein fyrir útistandandi skuldum.

15 Þorvaldur Guðmundsson gaf yfirlit úr skýrslu Verzlunarbanka Íslands, hann gat þess að ekki hafi verið hægt að gera öllum úrlausn sem sótt hafa



um lán. Nýtt útibú var opnað við Laugaveg og gefist vel. Einnig var opnað útibú í Keflavík.
Þorvaldur gat þess að Verzlunarbankinn hafi ekki enn fengið rétt til sölu á erlendum gjaldeyri en það hái honum í samkeppni við aðra banka.
Þorvaldur taldi eitt mesta nauðsynjamál að stofna Stofnlánadeild við bankann

16 Jón Mathiesen gerði þá fyrirspurn hvort Verzlunarbankinn hafi nægt fé til kaupa á gjaldeyri.

17. Þorvaldur Guðmundsson svaraði því til að Seðlabanka Íslands bæri skylda að ~~gefa~~ sjá öðrum fyrir gjaldeyri.

18 Björn Jónsson taldi að Samvinnubanki Íslands mun strax og hann tekur til starfa muni einnig óska eftir gjaldeyrissölu
Taldi hann að Seðlabankinn vilji ekki að svo margir hafi-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sölu á erlendum gjaldeyri.

19. Þorvaldur Guðmundsson gat þess að flestir bankar í Reykjavík hafi sótt um leyfi til sölu á erlendum gjaldeyri. Hann lagði áherslu á það að Verzlunarbanki Íslands verði að fá gjaldeyrisréttindi.

20 Hjörtur Jónsson skýrði frá starfsemi Lífeyrissjóðs Verzlunarmanna. Sjóðurinn hefur aukist til muna, 54 nýjir félagar hafa bæst við á árinu. Lán til félagsmanna voru tæpar 10 miljónir. Tekjur sjóðsins var á árinu tæpar 6 miljónir á árinu. Alls hafa 390 manns fengið lán úr sjóðnum.

21. Björn Guðmundsson las tillögur um breytingar á lögum K.Í. og skýrði breytingarnar. Atkvæðagreiðslu frestað til framhaldsaðalfundar.



22 Björn Jónsson var stjórninni sammála um þessa breytingatillögu, og benti á að það standi K.Í. mjög fyrir þrifum sífellt peningaleysi. Skoraði hann á fundarmenn að samþykkja tillöguna.

23 Ísleifur Jónsson flutti tillögu K.Í. um aðild í Verzlunarráð Íslands. Tillagan er skráð eftir að fundi lýkur. Ísleifur benti fundarmönnum á að samskonar tillaga hafi verið samþykkt í félagi Stórkaupmanna og einnig í félagi Iðnrekenda.

24. Þorvaldur Guðmundsson gat þess að á þessu reynslu ári sem liðið er þá hafi allir þessir aðilar komið saman vegna verðlagsákvæðanna og náð góðum árangri benti einnig á Verzlunarbankann Lífeyrissjóðinn sem tóku

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

góða samvinnu.

25 Edvard Frímannsson
fékk næstur til máls.
taldi að mjög hafi verið
skiptar skoðanir um
málið, en greiddi því þó
atkvæði vegna þess að
aðeins 2 dagar voru til
aðalfundar Viðskiptaráðs.
Edvald kvaðst hafa óskað
eftir að verðlagsráðið
fylgdi lagabreytingar.
taldi ekki hafa nægar
skýringar fengist á þessu
máli.
Vildi Edvard athugandi
að hvort mundi þraggja
stórn aðila fengi neitunar-
vald í vissum málum
enn talaði hann um
verðlagsmál.
Var hann mjög óánægður
með verðlagseftirlit.
enn með þá álagningu
sem leyfð er.



26 Sig. Magnússon þakkaði tillögu
frá F.M.R. gat þess að
Stjórn K.Í. mun taka málin
til athugunar í nefndinni
sem kosnar verða hérna á
fundinum

27. Tillaga um laganefnd.
Björn Guðmundsson.
Ólafur Þorgrímsson
Ásgrímur Lúðvíksson
Jón Mathiasson
Jónas Gunnarsson

Allsherjarnefnd.
Ísleifur Jónsson.
Edvard Frímannsson.
Sig. Óli Ólafsson.
Björn Jónsson.
Stefán Sigurðsson.

Verðlagsnefnd.
Guðni Þorgeirsson.
Karolína Karlsdóttir
Þorbjörn Jóhannsson
Hjörtur Hjörtsson
Hafliði Jónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innflutnings og gjaldeyrisn.

Pétur Sigurðsson.
Lárus G. Jónsson.
Lárus Bl. Guðmundsson.
Sölvi Ólafsson

Tolla og skattanefnd.

Sigurliði Kristjánsson.
Haraldur Sveinsson.
Hendrik Berndsen.
Þorgrímur Jónasson
Elías Guðjónsson.

allar þessar nefndir
kosnar í einu hljóði



28. Samþykkt í einu hljóði að
vísa tillögunum til nefnda.
einnig að vísa tillögu F.M.R.
til allsherjarnefndar.

fundi frestað í eina viku.

1. Miðvikudaginn 15 maí 1963
var framhaldsaðalfundur Kaupm-
annasamtaka Íslands haldinn
í húsi Slysavarnafélags Íslands.
fundinn setti Sigurður Óli Ólason
fundarstjóri.

2. Sveinn Snorrason las endurskoðaða
reikninga, og voru þeir samþykktir.

3 Lagabreytingar. Björn Guðmundsson
hafði framsögu, og gat þess að
nefnd sem fjallaði um tillögurnar
hafi verið sammála um
breytingatillögurnar.
Tillögurnar samþykktar samhljóða
og verða þær skráðar aftar
í fundargerð.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Tillaga um verðlagsmál, framsögumaður Guðni Þorgeirsson og las hann upp tilluguna Tillagan samþykkt samhljóða

5 Ályktunartillaga Gjaldeyris og innflutningsmál. flutningsmaður Lárus G. Jónsson framsögumaður. og las hann tilluguna Tillagan var samþykkt samhljóða.

6 Ályktun Skattamálanefndar framsögumaður Sigurliði Kristjánsson og las hann tilluguna og skýrði hann einstaka liði tillugunnar. Tillagan var samþykkt samhljóða

7. Álit að stjórn V. Í. nefndarálit. Framsögumaður Ásleifur Jónsson, og las hann upp álitið. nefndarálitið. sem skráð er hér aftan til í fundargerðinni. Ásleifur taldi nauðsynlegt að umboð það er fulltrúar K. Í.



hafi til setu í Verzlunarráði haldist. Sigurður Magnússon tók næstur til máls, hann taldi sig frekar sáttan með þessa tillugu. en þrátt fyrir það sagðist hann styðja þessa tillugu. Tillagan var samþykk samhljóða.

8. Sveinn Snorrason tók til máls og lýsti kjöri fulltrúa einkaleigu og var kjörinn Sig. Óli Ólason og til vara Pétur Ólafsson Reykjavík

9 Kosning ~~Odda~~ Oddamanns í stjórn K.Í. og varamanns. Stungið er upp á Sigurði Magnússyni Leif Müller. Þorbirni Jóhannssyni. Sigurður Magnússon hlaut 345 3/5 Leif Müller hlaut. 45 atkv. Þorbjörn Jóhannsson hlaut 166 9/10 Kosinn var Sigurður Magnússon sem oddamaður í stjórn Samtakanna Auðir seðlar 5 3/10 atkv.

10 Kosinn varamaður í stjórn K.Í. Pétur Sigurðsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Kosning tveggja endurskoðenda
Kosnir voru Svavar Pálsson
og Hjörtur Jónsson.

12. Sig. Magnússon þakkaði fundar-
mönnum kjör sitt sem oddamann
í stjórn K.Í. Einnig lagði hann
fram tillögu um 100 kr. gjald
á félagsmann sem greiðist
til blaðs Samtakanna.
Edvard Frímannsson gerði fyrir-
spurn um hve mikið kostaði
að halda blaðinu úti.
Kostnaður við blaðið er kr 109427.40
tekjur umfram kostnað er kr 63227.70
Tillagan samþykkt samhljóða.

13 Jónas Gunnarsson tók til máls
og minntist á Söluturnamálið
og las úr umsögnum borgarstjórnar
um Söluturnamálið og tók
sem dæmi umsögn [illegible] RON
og vísast til hennar.
Jónas lak undir þessa umsögn
og bað stjórn K.Í. að taka rögg
á sig og gera eitthvað í þessu
máli.



14 Fundi er frestað þar til seinna í
sumar.

Ragnar Eyjólfsson — fundarritari
Sigurður Ó. Ólafsson — fundarstjóri

23 Miðvikudaginn 15. maí var fundur
í stjórn K.Í. settur í Slysavarnafélags
húsinu við Grandagarð.

Framkv.stj. samtakana er kosinn
Snorrason setti fundinn og til
kynnti efni fundarins sem
var kosning framkvæmdastjórnar
í K.Í.

1. Kosinn formaður og var
Sig. Magnússon kosinn
samhljóða

2. Kosning varaformann
var Ísleifur Jónsson kosinn
samhljóða.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Kosning ritara og var [illegible] kosinn samhljóða.

4. Kosning gjaldkera. Kosinn samhljóða: Jón Matthíasson

5. Kosning eins meðstjórnanda. Kosinn var Edvard Frímannsson samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

[illegible] / Sveinn Snorrason



24

Ár 1963, þriðjudag 25. ~~maí~~ júní var fundur haldinn í stjórn K.Í.

Fyrir var tekið.

1) Kosning nefnda:
a) Ritnefnd: kosnir voru Lárus Bl. Guðmundsson, Leifur Sveinsson, Þorgrímur Tómasson
b) Skattamálanefnd: Haraldur Sveinsson og Sigurliði Kristjánsson
c) Launakjaranefnd: Sigurður Magnússon, Ísleifur Jónsson, Hjörtur Jónsson
d) Verðlagsmálanefnd: Björn Guðmundsson, Pétur Andrésson, Sigurliði Kristjánsson, Edvard Frímannsson, Þorbjörn Jóhannsson, Hjörtur Hjartarson og fulltrúi bóka- og ritfangaverzlana eftir nánari ákvörðun þess félags.

2) Sveinn Snorrason skýrði frá því sem gerzt hefur í kjarasamningamálum að undanförnu, m.a. skýrði hann frá setu sinni á samningafundum hjá sáttasemjara vegna vinnudeilna á Akureyri og Siglufirði og það fordæmi sem þeir samningar hafa skapað í öðrum landshlutum. Skýrði hann og afstöðu S.Í.S. og sýndi að þeir mundu nokkuð hafa lært af reynslunni.
Sigurliði Kristjánsson, benti á hver pólitík sú mundi hafa verið fyrir tveim árum er það reið á vaðið með kaupgreiðsluhækkanir, og hafi þeir þá séð að afleiðing þess yrði gengisfelling,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og menn SÍS hafa allað að hagnast á henni vegna þátttöku sinnar, jafnframt benti Sigurliði á, hve léleg kjör verzlunarmanna væru vegna óraunhæfra verðlagsákvæða og spurðist fyrir um, hvenjar kröfur væri á döfinni í því efni.

Sigurður Magnússon lagði til að 3ji dagskrárliður yrði tekinn til umræðu samtímis, en þ.e. verðlagsmál:

Skýrði formaður síðan frá tveimur fundum sem haldnir hafa verið með viðskiptamálaráðherra og formanni verðlagsnefndar nú eftir kosningarnar. Gat hann þess, að óskað væri af hendi ráðuneytisins greinargerðar og skýrslna er sýndu hag verzlunarinnar í dag, eftir þær hækkanir sem orðið hafa á rekstrarkostnaði hennar að undanförnu. Hvatti hann menn til að ljá lið sitt til þess að skýrslu.

Sigurliði taldi óheppilegt að of náið samstarf væri í verðlagsmálum með V.Í. og F.Í.S.

Sigurður benti á að samstaðan væri einungis í sameiginlegu prinsipmáli: þ.e. afnámi verðlagsákvæðanna.

Sigurliði benti á að heildverzl-



anir og iðnrekendur hefðu bætt hlut sinn á undanförnum tveimur árum. Innflutningsfrelsið hefur komið heildverzlun meira til góða en smásöluverzluninni. Fólksfjölgun fer til nýrra verzlana en eykur ekki veltu þeirra, sem fyrir eru. Auk þess hefur heildverzlunin gífurlega kommission erlendis auk álagningarinnar hérna. Af þessum sökum eigum við ekki samstöðu með þessum aðilum og verðum að vinna sérstaklega að okkar málum.

Stefán Sigurðsson benti í þessu sambandi á aðalkeppinaut kaupmanna, þ.e. kaupfélögunum og afkomu þeirra er hann taldi ekki góða. Hann skýrði frá því að Kjörbúðarbíll Kaupfélags Hafnarfjarðar væri bezta sölubúð. Kf. Hafnarfjarðar. Óskaði hann þess að K.Í. gerði sitt ítrasta til að sporna við þeirri þróun sem í þessu efni gæti orðið, ef þessi tilhögun verður frekar upp tekin. Stefán kvaðst vera alveg sammála Sigurliða um að við ættum enga samstöðu í verðlagsmálum með F.Í.S. og yrði þess vegna að vinna að þeim sérstaklega. Hann gerði og samanburð á álagningu hérlendis og erlendis.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ísleifur Jónsson, taldi að skýrslugerð mundi lítil áhrif hafa á verðlagsyfirvöldin og spurðist fyrir um það, hvort ekki væri nægilegt að leggja til grundvallar skýrslurnar frá 1961.
Sveinn benti á þær breytingarnar sem orðið hafa að undanförnu og væri því útbúið að ekki kæmi ~~með til~~ rétt út úr því.

B. Tillaga um samþykki bráðabirgðasamkomulags V.R. sem fyrir fundinum lá var samþ. samhljóða.

Fleira ekki fyrirtekið
Fundi slitið.

Sig. Magnússon
Björn Jónsson
Á. Ármannsson
Jón Ó. Hjörleifsson
Stefán Sigurðsson
Hafliði Jónsson



Ár 1963, þriðjudaginn 10. september var haldinn fundur formanna sérgreinafélaganna í Reykjavík.

Fyrir var tekið:

Lokunarmálin: Formaður skýrði frá því sem gerzt hefur að undanförnu í þessum málum og hvernig afgreiðslu þau hafa hlotið, bæði innan K.Í. og einstakra félaga, svo og í borgarstjórn. Taldi hann að mál þetta væri nú komið á það stig, að afgreiðsla þess hlyti að verða nokkur prófsteinn á það hverjir verzlunarhættir yrðu í framtíðinni upp teknir. Gerði hann síðan greinilega grein fyrir þeim tillögum sem fyrir borgarstjórn liggja til afgreiðslu og óskaði að heyra álit viðstaddra formanna til málsins.
Hafliði Jónsson kvað það tillögu sína að söluturnar fengju að starfa áfram á sama grundvelli og verið hefur, en mótmælti því ákvæði í tillögum þeim er fyrir borgarstjórn liggja um að kvöldsöluleyfi skuli bundið skilyrði um söluop.
Ólafur Þorgrímsson: Mín afstaða óbreytt frá því sem upphaflegu tillögurnar geymdu og er samþ. tillögunum.
Lárus Bl. Guðm. Samþ. tillögunum.
Hjörtur Hjartarson, kvaðst ekki vilja taka afstöðu málsins, þar sem honum væri því ekki nægilega kunnugur og það ekki sérstaklega rætt innan félags síns.
Edv. Frímannsson: Benti á að tillaga um afnám almennrar heimildar til að halda opnu til 22 á föstudögum, hafi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki verið tekin til greina og hvatti til þess að það yrði gert.
Þorkj. fél. Taldi að nauðsynlegt væri að ákveða í reglugerð, hvaða daga mætti vera opið, til þess að vekja þörf fólksins til reglunar á kvöldin. Lagði hann því til að ákvæði um þetta yrði tekið upp í reglugerðina. Ég held að tillögurnar séu góðar svo langt sem þær ná, en varast nú þessi andúð, sem það myndi hafa ef sú þjónusta, sem neytendur nú hafa, verður tekin af fólkinu, án þess að annað komi í stað.
Guðm. Þorgeirsson: Það er viss hvatsla við hverfaskiptinguna innan okkar félags. Það nauðsyn á að koma hreinni skipan á þessi mál og tillögurnar til mikilla bóta.
Ásgr. Leifsson: Lýsti samþykki við tillögurnar og þá heimild sem þær veita.
Nokkrar umræður urðu um þetta mál aftur og fram. Formaður þakkaði mönnum komuna.
Fundi slitið kl: 17²⁰

Mættir: SM. G.Þ. EF. HH. LBG. Ásgr.L. Ólp. Þfél. St.G Jónss.



Ár 1963, miðvikudaginn 18. sept. 196 var haldinn fundur formanna sérgreinafélaganna.

Fyrir tekið:

Tillögur um lokunartíma sölubúða o.fl.
Sveinn Snorrason skýrði frá því að meiri hluti sjálfstæðismanna í borgarstjórn vildi ekki fallast á breytingartillögu.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1963 þriðjudaginn 2. okt. var fundur haldinn í stjórn K. Í.

Fyrir var tekið:

1. Formaður setti fundinn, lagði hann fram bréf sem K. Í. hafði borist frá Félagsmálaráðuneytinu í sambandi við lokunartíma sölubúða. Skýrði formaður bréfið og ræddi m.a. um lokunartíma á föstudögum (til kl. 10) benti hann á hversu óheppilegt það mundi reynast í framkvæmd. Vildi hann fá félagsmálaráðuneytið til að breyta þessu ákvæði í heimildinni.

2. Samþ. var að fara þess á leit við félagsmálaráðuneytið að það frestaði samþ. á föstudagsopnunum nema með samráði við K. Í.

3. Hafliði Jónsson lagði til að fellt væri niður úr heimildinni að Söluturnar mættu aðeins selja gegnum götuop.

4. Formaður kvað sig alveg andvígan ~~...~~ tillögu Hafliða.

5. Tillaga Hafliða var feld með yfirgnæfandi meirihluta.



6. Þá skýrði formaður frá því að síðasta aðalfundi hefði verið frestað í sambandi við tillögur um nánari samvinnu K. Í. við V. Í. og var nefnd skipuð til að vinna að þeim. Nefndin hefur nú lokið störfum og lagt fram nýja tillögu í sambandi við þessi mál, sem einnig hefur verið til í samráði við ~~...~~ félags ísl. stórkaupm. og félag ísl. iðnrekenda. Framhaldsaðalfundur K. Í. hefur því nú verið boðaður 13. okt. Formaður skýrði þessar nýju tillögur, og lög V. Í. í heild.

7. Sigurliði Kristjánsson, lýsti sig alveg andvígan öllum tillögum varðandi nánari tengslum við V. Í. frekar en nú væri.

8. Formaður mintist á að framkv. stjórn hefði skrifað viðkomandi ráðuneyti um að gerð yrði nú í haust á þingi endurskoðun á verzlunarlögum landsins. Var því vel tekið.

9. Sveinn Snorrason framkv. stj. skýrði frá hvernig stæðu málin með verðlags og kaupgjaldsmál.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kaupgjaldssamningar við verzlunarfólk renna út 15. okt. og hafa fundir þegar verið haldnir milli aðilja um málin en allt er á byrjunarstigi m. a. um flokkun fólksins, með tilliti til kynferðis. Las hann upp allar tölur í hinum nýju kaupkröfum einnig kynjadómstölurnar og þær tölur sem í gildi eru í dag.
Sigurliði Kristjánsson benti á ýmsa ágalla á þessum nýju flokkunum á fólkinu og einnig menntun þess, sem oft væri mjög takmörkuð.

10. Þá sagði framkv. stj. að í verðlagsmálunum væri nefndir að vinna að rannsóknum um afkomu hinna ýmsu tegunda verzlunarfyrirtækja.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

Mættir voru: Edvard Fr. Sigurl. Kr. H. Björn J. Hafliði J. Íslefur J. Þorv. Matth. Sig. Magnússon Sölvi Ól. [illegible] Knútsson.

[illegible] [illegible]



Ár 1963 Sunnudaginn 13 október 1963. var settur framhaldsaðalfundur Kaupmannasamtaka Íslands.
fundinn setti formaður K. Í. Sigurður Magnússon. tilnefndi hann sem fundarstjóra í fjarveru Sig. Ól. Ólasonar Stefán Sigurðsson og Reyni Eyjólfsson fundarritara.
Ísleifur Jónsson hafði framsögu í fyrsta máli á dagskrá aðild að Verzlunarráði Íslands gat hann þess að K. Í. hafi rætt málið en menn hafi verið ósammála og stjórnin hafi því klofnað í málinu.
Sig. Magnússon. Ísleifur Jónsson og Stefán Sigurðsson vilja samþ. aðildina.
Edvard Frímannsson og Björn Jónsson höfðu sérstöðu í málinu.
Edvard Frímannsson tók næstur til máls og las nefndarálit II og fylgir það fundargerðinni.
Björn Jónsson las einnig upp nefndarálit III og fylgir það einnig fundargerðinni. en í hans nefndaráliti gerir hann að tillögu sinni að ekki verði gengið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að slíkri samþykkt nema 2/3 atkvæða samþykki aðildina.
Björn Jónsson lagði til að fundurinn féllist á að gerast aðili að Verzlunarráði Íslands.
Sigurður Magnússon tók næstur til máls og gerði grein fyrir afstöðu sinni til málsins og harmaði að nefndin sem fjallaði um málið, hann taldi að nefndarálit II sé í raun og veru jákvætt. um nefndarálit III sagði Sigurður er fyrst og fremst að Björn vill hafa mikinn atkvæðamagn til samþykktar tillögunni eða 2/3 atkvæða.
Sigurður sagði, og lokum, að alltof miklum tíma væri varið til umræðna um þá sjálfstæðan hlut og að reyna bæta sambúð hinna ýmsu greina verzlunarinnar.
Sigurður gat þess einnig að enginn kostnaður eða kvaðir fylgi því að gerast aðilar að Verzlunarráði Íslands.
Sigurður sagði að margir væru á því að við ættum



að ræða okkar og okkar málum í K.Í. en ekki vera að rugla þeim saman við aðra, en það séu mörg mál sem menn verða að leysa sameiginlega með öðrum Iðnaðarmönnum og stórsölum.
Björn Jónsson sagði að 2 tillögur hafi komið fram á fundi í F.M.R. um aðild að V.R.Í. og hafi þar komið fram hafi þar verið samþ. að ganga ekki í V.R.Í.
Stefán Sigurðsson skildi ekki þá hræðslu við að ganga í V.R.Í. og taldi að mikill ávinningur sé að aðild að V.R.Í.
Stefán taldi að menn ættu að hugsa sig vel um áður en þeir greiða atkvæði gegn aðild.
Þorbjörn Jóhannesson tók til máls og benti á að allir fundarmenn geti gengið í V.R.Í. sem einstaklingar, einnig lýsti hann furðu sinni ef V.R.Í. haldi ekki áfram að vinna að hagsmunamálum kaupsýslumanna.
Þorbjörn sagðist ekki hafa skilið ræðu Sig. Magnússonar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og skoraði á Sig. Magnússon
að vinna vel að sameigin-
legum málum kaupmanna,
og taldi ekki ástæðu til að
þvinga K.Í. til inngöngu í V.R.Í.
Þorvaldur Guðmundsson tók til
máls og lýsti því yfir að hann
tæki til máls sem félagi í
félagi kjötverslana en ekki sem
formaður V.R.Í.
hann tók undir orð Þorbjörns
og sagði þau vera rétt.
en taldi að við yrðum stefkorti
með aðildinni í V.R.Í.
Þorvaldur taldi að V.R.Í. sé
til að leysa mál sameiginlega
til hagsbóta fyrir alla aðila.
Þorbjörn tók aftur til máls.
og gat þess að félag kjötverslana
hafi gengið úr V.R.Í. og hafi
Þorvaldur Guðmundsson verið
formaður þegar það gerðist.
Guðni Þorgeirsson lýsti áliti
sínu og stjórnar F.M.R. en
lýstur á það með vorið
að ganga í V.R.Í.
umræðum um þenna lið er
lokið og.



Fundarstjóri las því næst tillögu
til breytingar á 4 gr. laga V.R.Í.
tillagan fylgir fundargerðinni merkt IIII
~~Atkv var~~ Tillagan var feld.
221 sögðu já auðir ~~4~~. ógild 46
324 sögðu nei
Sigurður Magnússon, Björn Jónsson
og Sigurliði Kristjánsson tóku aftur
til máls um tillöguna eftir að
umræðum var lokið.
Fundarstjóri bað eftirtalda menn
að safna saman atkvæðaseðlum
og telja atkvæði. Björn Jónsson
Björn Guðmundsson og Edward Frímannsson.

2 mál á dagskrá Verðlagsmál.
framsögumaður Sveinn Snorrason.
og gat hann þess að strax eftir
aðalfund K.Í. hafi stjórn K.Í.
hafi farið á fund Ríkisstjórnarinnar
þeim hafi verið tekið vel, en
enginn árangur hafi orðið af
þeim ferð.
Verðlagsnefnd K.Í. hélt fund
ásamt ýmsum öðrum kaupsýslum
þ. 17 júlí 1963 til að reyna að
samræma hin ýmsu sjónarmið.
og reyna að fá frjálsa álagningu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurstaðan komst að raun um að
Smásöluálagning megi ekki vera
lægri en hún var 1958, en hún
hefir farið lækkandi síðan.
Síðan var undirnefnd sett í
málið, og hefir hún fengið í hendur
ýmis gögn til að vinna úr.
Sveinn benti á að nú þegar á þessu
ári hafi orðið þrjár kauphækkanir
ásamt mjög lágri álagningu
þá sé ekki von á að afkoma
kaupmanna sé góð.
Sveinn Snorrason las tillögur L.Í.V.
um samning um kjör og skrifstofu og
verzlunarfólks, og skýrði hann
ýmsa liði.
Sveinn sagði að eftir þrjá fundi
með V.R. hafi alveg slitnað
upp úr umræðum um kaup-
samninga og málinu vísað til
Sáttasemjara.

Þorbjörn Jóhannesson gat þess að
F.M.R. og F.K. hafi haldið sam-
eiginlegan fund um verðlags-
mál, enn að þessi félög
hafi ráðið endurskoðanda
til að athuga rekstur



félagsmanna. Þorbjörn benti því
til Stjórnar K.Í. að vera vel á
verði er samið verður um
verðlagsmál við verðlagsyfirvöld.

Fyrirspurn. Guðni Þorgeirsson: er það
lögbrot að reka verzlun með tapi.
Svar: Sveinn Snorrason taldi
að ekki sé lögbrot að hækka
álagningu til samræmis við kostnað.
Sigurliði Kristjánsson skoraði á
stjórn K.Í. að taka til hendinni
og skrifa í blöð og skýra af-
stöðu okkar til kauphækkana
og sýna hvað álagningin er.
Sig. Magnússon taldi að þessi mál
séu þau er allra augu beinast
að, og taldi að svo væri komið
að nú þegar liggi við að
menn verði gjaldþrota.
Sigurður skýrði frá því að hann
hafi farið á fund Bjarna Benediktsson
og rætt þessi mál við hann
og lofaði Bjarni að beita áhrifum
sínum til bóta í þessum málum.
Sigurður benti á að ekki sé gott
að koma á fund Sáttasemjara
með það í veganesti að vilja
ekki semja.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurliði Kristjánsson, get fallist á tillögu stjórnar K.Í.
Jónas Gunnarsson, hefdi tillögunni til stærri því hún gengur lengra.
Sveinn Snorrason, gerir það að tillögu sinni að flm. J. G. og fleiri dragi sína tillög til baka.

Tillaga no: VI var Samþykkt. Samhljóða.

Tillaga no: VII Samþykkt með 13 at.

Tillaga no V Samþykkt Samhljóða.

Fundurinn samþykkir ekki að bæta öðrum málum á fundinum.

Birgir Steingrímsson tók næstur til máls og ræddi Sölutumamál og taldi að Sig Magnússon hafi ekki haldið vel á málum fyrir sölutumaeigendur. og las tillögu sem hann óskar að fundurinn geri ónauðsynja ályktun um málið ekki ræll. frekar.



Fundi slitið
Kaupir Guðjónsson.
fundarritari.

Björn Sigmundsson
fundarstj.

26

Árið 1963 föstudaginn 1. nóvember var fundur haldinn í K.Í. á skrifstofu félagsins

1. Formaður setti fundinn og sagði tilefni fundarins væri að gefa skýrslu um launamál á stigi sem þau nú væru milli V.R og K.Í. Gaf hann framkv.stj. Sv. Snorrasyni orðið sem rakti málið í stórum dráttum.

2. Sv. Snorrason sagði að komið væri nokkurnvegin samkomulag um flokkaskiptinguna. Væri ætlunin að flokkarnir yrðu framtíðini 8 í stað þess að [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þeir yrðu 14. Á þetta við
um B lið samninganna.
Skýrði Sv. S. nokkuð áætlaða
~~[illegible]~~ skiptingu fólks í flokkana.
Um A lið samninga eru áætlaðar
líkar reglur og B lið.
Þá mintist Sv. S. á 6 grein í samning-
unum í sambandi við lokunartíma
sölubúða. Fór k að mesta leyti heill
næturfundur í umræður um þessi
mál, en án árangurs. Komu ýmsar
tillögur uppi um málið.

3. Formaður skýrði frá því að unnið
hefði verið mikið í sambandi við
tilraunir á að fá breytingar á gildandi
lögum um verðlagseftirlit til batnaðar.
Margir fundir verið haldnir, og við alla
helstu ráðamenn um málið talað.
Þó mikið hefði verið fjallað um þessi
mál í þingflokkum stjórnanna, þá
hafa þeir ekki séð sér fært um að
verða við óskum kaupsýslumanna
um ~~þessi~~ málið. Rætt hefir verið um
að setja á stofn nefnd til að vinna
að lausn málsins frá ríkisstjórninni
sem fulltrúi frá K. Í. ætti sæti í.
Þá skýrði formaður frá því að forráðamenn
V. R. væru ekki meðmæltir verkfalli
verzlunarfólks.



Nokkrar umræður urðu um skýrslur og
skýrslusöfnun til handa ríkisstjórninni
svo að hún gæti gert sér ljósa grein
fyrir því hvernig málin stæðu.
Í ljós kom að skýrslur frá verðlagsnefndinni
bæru ekki alltaf saman við skýrslur
frá K. Í. sem ríkisstjórnin fengi.
Stefán Sigurðsson ræddi nokkuð um
launamálin og misræmið í þeim í
dag, einkum boði fólk á vinnumark-
aðinum.
Sigurliði mintist á vinnutíma fólksins
og á hvern þátt það væri fyrir komið.

Fleira ekki fyrir tekið og var fundi
slitið.

Mættir voru á fundinum:
S. Mag. Ed. Frím., Bj. Jónss., Lárus Blönd. Sv. S.
Sigurliði J. G. Kr. P. Andrés., Sölvi Ó. St. Sig. Sg. H.

[illegible] Sig. Magnússon

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur